# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

287. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 7. DESEMBER 2016




Hér sjást fjórir dómarar við Hæstarétt en þeir sóttu setningu Alþingis í gær. Frá vinstri eru þetta Markús Sigurbjörnsson, sem átti hlut í Glitni, Viðar Már Matthíasson, en systir hans, Guðbjörg, var stór hluthafi í bankanum, Ólafur Börkur Þorvaldsson, sem átti hlut í Glitni, og Eiríkur Tómasson, sem átti hlut í Glitni. FRÉTTABLAÐIÐ /ERNIR

## Slysum vegna ölvunaraksturs snarfjölgar

**SAMGÖNGUR** „Það þarf að upplýsa það hættulega sjónarmið að það sé í lagi að aka eftir neyslu áfengis,“ segir Einar Magnús Magnússon, sérfræðingur í kynningarmálum hjá Samgöngustofu.

Slysum vegna ölvunaraksturs hefur fjölgað gríðarlega á þessu ári og stefnir í 200 prósenta fjölgun milli ára. Fylgni er á milli góðæris og fjölda slysa en þau eru mun algengari þegar uppgangur er í samfélaginu.

Fyrstu átta mánuði þessa árs slösuðust 52 vegna ölvunaraksturs. – shá / sjá síðu 2

## Ingveldur umsvifamikil í hlutabréfum

**DÓMSMÁL** Auk þess að eiga hlut í Glitni, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær, átti Ingveldur Einarsdóttir hæstaréttardómari einnig hluti í Landsbankanum, Kaupþingi og Straumi-Burðarás fyrir hrun. Hlutina seldi hún ekki fyrr en eftir að ríkið hafði yfirtekið Glitni haustið 2008 og var söluandvirðið um tvær milljónir króna. Þetta kemur fram í gögnum frá slitastjórn Glitnis sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Ingveldur hefur sem dómari við Hæstarétt dæmt í málum sem tengjast falli bankanna. Nú síðast í október þegar hún átti sæti í dómnum sem úrskurðaði í stóra markaðsmisnotkunarmálinu í Kaupþingi.

**2,1**

**milljón króna var söluandvirði hlutabréfa Ingveldar**

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær átti Markús Sigurbjörnsson hlut í Glitni sem hann seldi í byrjun árs 2007. Hann var síðar í eignastýringu í sama banka sem geymdi fé hans meðal annars í peningamarkaðssjóðum sem sýsluðu meðal annars með víxla og íslensk hlutabréf. Markús sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem fram kom að hann hefði tilkynnt nefnd um dómarastörf um eignarhlut sinn í Glitni. Þá segir Markús í yfirlýsingu sinni ekki telja sig hafa þurft að upplýsa um eignir sínar í eignastýringu Glitnis.

Það virðist þó ekki vera samhljómur um þá skoðun í stéttinni.

Hjördís Hákonardóttir, formaður nefndar um dómarastörf, vill til dæmis ekki svara hreint út um það hvort eignir í peningamarkaðssjóðum falli undir tilkynningarskyldu dómara. „Við höfum aldrei þurft að taka afstöðu til þess. Það eru eitthvað deildar meiningar um það. En nefndin verður að ræða þetta og taka svo sameiginlega ákvörðun um það.“ – aó

## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Ferðamenn tvöfalt fleiri í vetur og tónlistariðnaðurinn vex.

**SKOÐUN** Guðný Halldórsdóttir skrifar um Þingvallaveg. 15

**SPORT** Sonja og Helgi valin Íþróttafólk ársins hjá ÍF. 16

**LÍFIÐ** Foo Fighters og Prodigy koma fram á Secret Solstice 28

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Austanstrekkingur og rigning með köflum, einkum um landið austanvert. Hvassast á Vestfjörðum og á annesjum norðanlands um kvöldið. SJÁ SÍÐU 20

# Guðni setti þing í fyrsta sinn



Guðni Th. Jóhannesson setti 146. löggjafarþing Íslendinga í gær. Þingið var sett við óvenjulegar aðstæður en rúmur mánuður er liðinn frá kosningum og enn hefur ekki tekist að mynda ríkisstjórn. Þrjátíu konur tóku sæti á Alþingi í gær en þær hafa aldrei verið jafn margar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hálftíma fundur kostaði hálfa milljón

**REYKJAVÍK** Fundur innkauparáðs Reykjavíkurborgar fór fram á föstudaginn og stóð hann í 34 mínútur. Viðstödd voru Kjartan Valgarðsson, Börkur Gunnarsson, Magnea Guðmundsdóttir og Jóna Björg Sætran áheyrnarfulltrúi. Stuttur fundartími nefndarinnar hefur áður verið umfjöllunarefni en óbreyttir meðlimir innkauparáðsins fá 14 prósent af þingfararkaupi fyrir störf sín en formaðurinn fær tvöfalda þá upphæð. Kjartan, sem er formaður innkauparáðs, hefur þannig fengið yfir tvær milljónir króna í þóknun fyrir árið. Miðað við að Reykjavíkurborg ætlar ekki að taka mið af nýjustu hækkun kjararáðs á þingfararkaupi fær óbreyttur ráðsmaður tæpar 107 þúsund krónur fyrir fundinn en formaðurinn tæpar 214 þúsund. Þessi rúmi hálftími kostaði borgina því 535 þúsund. – bb

## Vilja leggja niður hverfisráð

**SVEITARSTJÓRNIR** Framsókn og flugvallarvinir lögðu í gær til að hverfisráð Reykjavíkurborgar yrðu ekki starfrækt á næsta ári.

Aðrar tillögur Framsóknar og flugvallarvina voru til dæmis þær að mannréttindaráð Reykjavíkurborgar yrði lagt niður, að mannréttindaskrifstofa yrði færð undir velferðarsvið, að menningar- og ferðamálaráð yrði lagt niður og að menningarmál yrðu færð undir íþrótta- og tómstundasvið.

Áætlaður sparnaður af niðurskurðinum er um nítján milljónir króna en hann vilja þau meðal annars nota í grunn- og leikskóla – þh

### LEIÐRÉTTING

*Formaður umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar heitir Haukur og er Gunnarsson en ekki Hörður, eins og missagt var í frétt blaðsins í gær.*

## Úrskurðurinn felldur úr gildi

**LÖGREGLUMÁL** Úrskurður um að ríkið skyldi greiða sakarkostnað í máli þar sem maður stal bíl og keyrði undir áhrifum áfengis var felldur úr gildi í Hæstarétti síðastliðinn föstudag. Lagt var fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þetta kemur fram á vef Hæstaréttar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær kom fram í úrskurði Héraðsdóms Suðurlands að lögreglustjórinn á Selfossi hafi verið vanhæfur til að fara með rannsókn á umræddum meintum nytjastuldi ákærða sem beindist að umræddri bifreið þar sem embætti lögreglustjórans var sjálft í stöðu brotaþola. Ákærunni var því vísað í heild sinni frá dómi.

Ríkissjóði var gert að greiða verjanda hins ákærða 879.780 krónur. Málið var svo kært til Hæstaréttar. – sg




# Slysum vegna ölvunar snarfjölgar í góðærinu

**Slysum vegna ölvunaraksturs hefur fjölgað gríðarlega á þessu ári og stefnir í 200% fjölgun milli ára. Fylgni er á milli góðæris og fjölda slysa – þau eru mun algengari þegar uppgangur er í samfélaginu. Dregið mjög úr forvörnum.**




**HEILBRIGÐISMÁL** Samantekt Samgöngustofu á umferðarslysum, sem unnin er upp úr skýrslum lögreglu, sýnir að á fyrstu átta mánuðum þessa árs hefur orðið mikil fjölgun umferðarslysa sem rekja má til ölvunaraksturs. Á undanförnum árum, eða allt frá árinu 2008, hefur orðið mikil fækkun umferðarslysa þar sem ölvun kemur við sögu. Nú virðist hins vegar eiga sér stað viðsnúningur og er hann svo mikill að óhætt er að segja að svo ör aukning hafi ekki sést áður á einu ári. Athygli vekur fylgni á milli uppgangs í samfélaginu og ölvunaraksturs.

Einar Magnús Magnússon, sérfræðingur í kynningarmálum hjá Samgöngustofu, segir um þessar niðurstöður að margt sé umhugsunarvert. Innan Samgöngustofu hafi verið brugðist sérstaklega við þessu með sérstöku átaki og lagst yfir með hvaða hætti sé hægt að bregðast sem best við – svo alvarlegar séu þær.

„Þetta er spurning um uppeldi innan samfélagsins. Eftir hrunið dró mjög úr forvörnum og fræðslu, sem er skiljanlegt en á sama hátt stórhættulegt. Nú þurfum við að breyta þessu viðhorfi okkar til ölvunaraksturs og það getur tekið kynslóðir. Það þarf að uppræta þá hættulega sjónarmið að það sé í lagi að aka eftir neyslu áfengis,“ segir Einar Magnús og bætir við að það snúi að opinberri stefnumörkun sem verði þá til langs tíma og í því geti falist efling eftirlits með ölvunarakstri, markviss fræðsla og forvarnir og jafnvel endurskoðun á lögum. Þetta snúi að þeirri dapurlegu staðreynd að ökumenn stofna samborgurum sínum í lífshættu með athæfinu og oft þurfi ekki mikið magn áfengis til.

> **Eftir hrunið dró mjög úr forvörnum og fræðslu, sem er skiljanlegt en á sama hátt stórhættulegt.**



Einar Magnús Magnússon, sérfræðingur hjá Samgöngustofu

**52**

**hafa slasast vegna ölvunaraksturs það sem af er ári**

Samantekt Samgöngustofu sýnir að fjöldi slasaðra vegna ölvunaraksturs fór úr 42 árið 2005 í 117 árið 2008 en það samsvarar að jafnaði rúmlega 40 prósenta aukningu á ári á þessum þremur árum. Í kjölfar ársins 2008 og fram til 2015 fækkar slösuðum af völdum ölvunaraksturs umtalsvert – fer á sjö árum úr 117 slysum niður í 26 í fyrra sem er það lægsta sem sést hefur frá árinu 2002.

Fyrstu átta mánuði þessa árs slösuðust hins vegar 52 vegna ölvunaraksturs og ef fram heldur sem horfir stefnir í 80 slasaða vegna ölvunaraksturs árið 2016 sem þýðir að aukningin á milli áranna 2015 og 2016 verði rúm 200%. Það þýðir þreföldun í fjölda þeirra sem slasast vegna ölvunar. Tölurnar sýna enn fremur að yngstu ökumennirnir – sautján til 21 árs – eru stærsti áhættuhópurinn, og þá þeir næstir sem eru 32 til 36 ára.

svavar@frettabladid.is

www.n1.is facebook.com/enneinn

ENNEMM / SÍA / NM75654




Notaðu N1 punktana til að fá þér í svanginn

Litlu jólin eru í dag!

# 13 krónu afsláttur fyrir N1 korthafa

Þú færð 13 krónu afslátt af hverjum eldsneytislítra og tvo N1 punkta að auki.

## 20%



Afsláttur af ilmandi jólakaffi & bakkelsi

Hluti af jólastemningunni **N1**



Starfsmenn Kaupmannahafnar mega ekki lengur reykja rafrettur á vinnutíma. NORDICPHOTOS/GETTY

## Banna rafrettur á vinnutíma

**DANMÖRK** Borgarstarfsmenn í Kaupmannahöfn mega hvorki reykja venjulegar sígarettur né rafrettur á vinnutíma.

Ninna Thomsen, sem er í Sósíalíska þjóðarflokknum og formaður heilbrigðisnefndar borgarinnar, lýsti yfir ánægju með ákvörðunina. Verkefnisstjóri hjá baráttusamtökum gegn krabbameini, Niels Them Kjær, benti á að í sumum tegundum rafrettna hefðu fundist efni sem eru skaðleg heilsunni. Danska ríkisútvarpið greindi frá. **– ibs**

## Fær aukið fylgi í mótmælaskyni

**SVÍÞJÓÐ** Samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar, sem Dagens Nyheter greinir frá, myndu 17,5 prósent kjósa Svíþjóðardemókrata ef kosið yrði nú en 13,1 prósent segir að flokkurinn sé sá sem er í mestum metum. Það er túlkað sem svo að margir kjósi Svíþjóðardemókrata í mótmælaskyni. **– ibs**



**Jimmie Åkesson,** formaður Svíþjóðardemókrata

## Gera umhverfinu bjarnargreiða

**UMHVERFI** Þeir sem kaupa gervijólatré gera umhverfinu bjarnargreiða, að því er segir á norska vísindavefnum forskning.no.

Vitað er að mikill hluti plasts lendir í náttúrunni og brotnar niður í míkróplast sem kemst inn í næringarkeðjuna. Þetta er gríðarlegt vandamál, ekki síst í höfunum, að því er vísindamaðurinn Håkon Holien segir í viðtali á vefnum forskning.no. Hann segir plastið auk þess framleitt úr olíu. **– ibs**

# Repúblikanar taka illa í áform Trumps

**BANDARÍKIN** „Ég vil ekki lenda í einhvers konar viðskiptastríði,“ segir Kevin McCarthy, leiðtogi þingmeirihluta Repúblikana í fulltrúadeild Bandaríkjanna.

Hann og fleiri forystumenn flokksins í fulltrúadeildinni hafa lýst andstöðu við áform Donalds Trump, verðandi forseta, um að leggja þungar álögur á fyrirtæki sem flytja störf úr landi.

Frá þessu er skýrt á fréttavef The New York Times.



Kevin McCarthy og Paul Ryan, tveir helstu leiðtogar Repúblikanaflokksins í fulltrúadeild þingsins, hafa báðir lýst andstöðu sinni við áform Trumps. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Trump sagðist um helgina ætla að leggja 35 prósent innflutningstolla á vörur frá fyrirtækjum, sem hafa flutt starfsemi sína úr landi en ætla að halda áfram að selja vörur sínar í Bandaríkjunum.

Þetta gengur þvert gegn stefnu Repúblikanaflokksins, rétt eins og fleiri áherslur Trumps, meðal annars í skatta- og tollamálum. Hann þarf hins vegar á stuðningi Repúblikanaflokksins á þingi að halda til að geta komið málum sínum í gegn. **– gb**

# Hrikalegar tölur úr Pisa-könnun

**Íslendingar eru á niðurleið á öllum sviðum samkvæmt nýrri PISA-rannsókn. Kynjamunur er ekki marktækur nema hvað varðar lesskilning. Landsbyggðin stendur verr en höfuðborgarsvæðið á öllum sviðum.**

**MENNTAMÁL** Staða íslenskra nemenda hefur aldrei verið verri í öllum þremur sviðum PISA-könnunar og er áberandi verri en á hinum Norðurlöndunum. Auk þess er Ísland undir OECD-meðaltali í öllum flokkum.

PISA-rannsóknin er framkvæmd á þriggja ára fresti og gefur vísbendingar um breytingar á frammistöðu nemenda yfir tíma ásamt því að meta stöðu þeirra við lok skyldunáms. Íslenskir nemendur í 10. bekk tóku þátt í PISA-könnuninni vorið 2015 í sjötta sinn.

Íslenskir nemendur fá 467 stig í vísindalæsi þar sem OECD-meðaltalið er 493. Þá fá þeir 485 stig í lesskilningi þar sem OECD-meðaltalið er einnig 493. Að lokum fá íslenskir nemendur 488 stig í stærðfræðiskilningi þar sem OECD-meðaltalið er 490. Niðurstöðurnar benda til þess að læsi íslenskra nemenda á náttúruvísindi hafi hrakað mikið á síðastliðnum áratug og standa íslenskir nemendur verst þar.

Séu landshlutar bornir saman má sjá að nemendur í þéttbýli utan höfuðborgarinnar og í dreifbýli standa verr en nemendur á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar kemur að stærðfræðilæsi mælist það 497 á höfuðborgarsvæðinu, en 475 í þéttbýliskjörnum utan höfuðborgarsvæðisins og 473 í dreifbýli. Lækkun á milli ára er meiri utan höfuðborgarsvæðisins.

Svipaða sögu er að segja um læsi á náttúruvísindi. Þar mældist læsi hæst í dreifbýli árið 2006 en hafði lækkað um 35 stig og mælist nú 466. Á höfuðborgarsvæðinu mælist það 478 stig en í þéttbýliskjörnum utan höfuðborgarsvæðisins 464 stig. Hafa ber þó í huga að læsi í nokkrum landshlutum sem eru tiltölulega fámennir lækkaði milli ára og erfitt að útiloka að um árgangasveiflur sé að ræða.



Kennarasambandið lýsir yfir áhyggjum af niðurstöðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Allir landshlutar standa verr að vígi nú árið 2015 í samanburði við árið 2000 þegar kemur að lesskilningi. Lækkunin er þó ekki alls staðar marktæk. Lækkunin er ómarktæk á Vesturlandi og lítil en marktæk á Reykjanesi, nágrenni Reykjavíkur og Suðurlandi. Lesskilningur mælist lægstur í dreifbýli þar sem lækkunin er mest, eða um 37 stig á 15 árum sem er rúmt skólaár en hún er einnig umtalsverð á hinum svæðunum, sem nemur um hálfu skólaári.

Sé litið til mismunar milli kynja má sjá að á Íslandi er kynjamuninn aðeins eitt stig í stærðfræðilæsi og ekki tölfræðilega marktækur, sömu sögu er að segja um náttúrulæsi. Í öllum þátttökulöndum er lesskilningur stúlkna meiri en drengja. Meðal OECD-ríkjanna er hann mestur í Finnlandi en minnstur á Írlandi, í Japan og Chile. Kynjamunur á Íslandi er 42 stig stúlkum í hag og er meiri en almennt meðal OECD-ríkja.

Lesskilningur innflytjenda árið 2015 á Íslandi er mun lakari en lesskilningur þeirra fyrri ár og munar allt að 71 stigi miðað við árið 2000, sem samsvarar rúmlega tveimur skólaárum. Lækkun í lesskilningi er hlutfallslega mun meiri meðal innflytjenda en innfæddra Íslendinga á tímabilinu. Hlutfall innflytjenda undir hæfnisþrepi tvö í lesskilningi hefur einnig aukist verulega á tímabilinu.

Kennarasamband Íslands lýsir yfir áhyggjum af niðurstöðum PISA-rannsóknarinnar. Í yfirlýsingu segir sambandið að Ísland haldi áfram að síga niður á við. „Eins og áður kemur fram ósættanlegur munur á stöðu nemenda eftir landshlutum, kyni og hópum,“ segir í henni.

saeunn@frettabladid.is

### Náttúruvísindalæsi




### Læsi í stærðfræði




■ Höfuðborgarsvæðið ■ Þéttbýliskjarnar utan höfuðb. ■ Dreifbýli

### Lesskilningur




■ Innfæddir ■ Innflytjendur
■ Landið í heild

○ Marktækur munur miðað við PISA 2016 ● Ekki marktækur munur miðað við PISA 2015

Heimild: PISA







Það er sama hvert tilefnið er, það verður alltaf meira spennandi með Volkswagen Polo.
Hann hefur þennan eiginleika að keyra þig áfram með hvað sem þér dettur í hug. Gefðu hugarfluginu lausan tauminn og hoppaðu upp í Polo. Ævintýrin bíða þín.

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

K Æ R L E I K S K Ú L A N




S Ý N

Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA OG UNGMENNA

Sölutímabil 2. – 16. desember

Casa – Kringlunni og Skeifunni
Epal – Kringlunni, Skeifunni og Hörpu
Hafnarborg - Hafnarfirði
Húsgagnahöllin - Reykjavík og Akureyri
Hverfisgallerí - Hverfisgötu 4
Kokka - Laugavegi
Kraum - www.kraum.is
Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu og Kjarvalsstöðum
Litla jólabúðin - Laugavegi
Líf og list - Smáralind
Módern - Faxafeni 10
Snúran - Síðumúla
Þjóðminjasafnið - Suðurgötu
Blómaval - um allt land
Blóma- og gjafabúðin - Sauðárkróki
Norska húsið - Stykkishólmi
Póley - Vestmannaeyjum
Valrós - Akureyri
Netverslun – www.kaerleikskulan.is

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

Nettó Bónus



# FJÁRLAGAFRUMVARP 2017

**743 MILLJARÐAR**
Heildarútgjöld ríkissjóðs. Útgjöld aukast um **62 milljarða**

**3 MILLJARÐAR**
Lækkun tekna vegna afnáms tolla

**500 MILLJÓNIR**
Viðbótarframlag til tækjakaupa á **Landspítalann**

**28,5 MILLJARÐAR**
Afgangur boðaður af rekstri ríkissjóðs árið 2016

**780 MILLJÓNIR**
Framlög til ferðaþjónustu hækka um 780 milljónir

**7 MILLJARÐAR**
Útgjaldasvigrúm hækkar um 7 milljarða

**11,1 MILLJARÐA HÆKKUN**
Almannatrygginar hækka um 11,1 milljarð

**10 MILLJARÐA KRÓNA LÆKKUN**
vaxtagjalda ríkissjóðs

**2,5 MILLJARÐA KRÓNA HÆKKUN**
til mennta og menningarmála




Bjarni Benediktsson kynnti fjárlagafrumvarpið í Fjármálaráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekki tímabært að ausa fé í gæluverkefni

**Aðhald í ríkisfjármálum er mikilvægt að mati fjármálaráðherra vegna þenslu í hagkerfinu og vaxtar ferðaþjónustunnar. Gert ráð fyrir hallalausum fjárlögum fjórða árið í röð. Útgjöld aukast um á þriðja tug milljarða frá síðustu fjárlögum**

**FJÁRLÖG** Viðvörunarljós blikka í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þensla og of hraður vöxtur ferðaþjónustu þýða að gæta þarf aðhalds næstu árin. Fjárlagafrumvarp fjármálaráðherra var lagt fram á þingi í dag í skugga stjórnarmyndunarviðræðna. Nýtt þing þarf nú að kljást við framlagt frumvarp í sameiningu, án hefðbundinna flokkadrátta minni- og meirihluta. Ekki var mælt fyrir frumvarpinu í gær eins og svo oft þegar frumvarp er kynnt alþjóð.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir um 28,5 milljarða króna tekjuafgangi og er þetta í fjórða skipti sem hallalaus fjárlög eru kynnt. 28,5 milljarðar eru um eitt prósent af vergri landsframleiðslu. Tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar um 772 milljarðar en gjöldin 743 milljarðar.

Fjármálastefna hins opinbera til næstu fimm ára á grundvelli laga um opinber fjármál var samþykkt síðastliðið sumar af síðasta þingi. Fjárlagafrumvarpið nú byggist í öllum meginatriðum á þeirri stefnu og þeirri áætlun sem samþykkt var.

Vel hefur tekist á þessu kjörtímabili að bæta afkomu ríkissjóðs. Samanlagður afgangur ríkisjóðs síðustu þriggja ára stefnir í að verða um eitt hundrað milljarðar króna og er þá ekki talið rétt tæplega 400 milljarða stöðugleikaframlag slitabúa föllnu bankanna. Sú upphæð mun nýtast til lækkunar skulda sem eru enn háar eftir bankahrunið í októbermánuði 2008.

**Skuldir ríkissjóðs eru enn háar**




> **Engu að síður eru líkur á því að vaxandi þensla kunni að ógna jafnvægi í þjóðarbúskapnum.**
>
> Fjárlagafrumvarp 2017

Þrátt fyrir glögg dæmi um bætta stöðu ríkissjóðs eru viðvörunarljós farin að blikka í stjórnborðum þeirra sem fara með fjármál ríkisins. Vaxandi þensla kann að ógna jafnvægi í ríkisfjármálum. Er þar nefnt að hraður vöxtur ferðaþjónustu setji viðvarandi þrýsting á gjaldmiðil okkar og að laun hafi hækkað umfram framleiðni. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að spenna nái hámarki í byrjun næsta árs.

„Slík þenslumerki í hagkerfinu krefjast agaðrar hagstjórnar og kalla á réttar áherslur í opinberum fjármálum í heild þannig að þau stuðli ekki að frekari þenslu og ruðningsáhrifum," segir í frumvarpi til fjárlaga. „Áfram verður því þörf fyrir aðhaldssama stefnu um vöxt ríkisútgjalda til að auka afganginn og greiða niður skuldir." **sveinn@frettabladid.is**

WWW.NISSAN.IS

NISSAN
Innovation that excites

# NISSAN X-TRAIL

RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN SPORTJEPPI
FÁANLEGUR 7 SÆTA



## TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

**320.000 kr. KAUPAUKI**

Heilsársdekk og dráttarbeisli fylgja nýjum Nissan X-Trail til áramóta!



### NISSAN X-TRAIL

**ACENTA, SJSK., DÍSIL**
Framhjóladrifinn

**Verð: 4.890.000 kr.**

Eyðsla 5,1 l /100 km*

### NISSAN X-TRAIL

**ACENTA, BSK., DÍSIL**
Fjórhjóladrifinn

**Verð: 5.290.000 kr.**

Eyðsla 5,3 l /100 km*

**ACENTA** 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth
**Nissan Connect kerfi**: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.



**360° MYNDAVÉLATÆKNI**



**NISSAN CONNECT**



**ÖRYGGISHJÚPUR**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM78899

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# FJÁRLAGAFRUMVARP 2017

## 7,3 milljarðar aukalega í heilbrigðismál

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| LANDSPÍTALINN | SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI | HEILSUGÆSLAN | BYGGING NÝS LANDSPÍTALA | TANNLÆKNINGAR | ÖLDRUNARSTOFNANIR | LYF |
| 59 milljarðar | 7,5 milljarðar | 21,7 milljarðar | 1,5 milljarðar | 3 milljarðar | 3,9 milljarðar | 13,5 milljarðar |
| var 55 milljarðar | var 7 milljarðar | var 19,6 milljarðar | | var 2,9 milljarðar | var 1,8 milljarðar | var 14,1 milljarður |




Dýrafjarðargöng eru mikilvæg fyrir samgöngur á Vestfjörðum. MYND/ RÓBERT REYNISSON

## Siðlaust frumvarp

**FJÁRLÖG** Hugmyndir fjármálaráðherra um fjárútlát til samgöngumála eru blaut tuska framan í Vestfirðinga. Samkvæmt frumvarpinu er einsýnt að gerð Dýrafjarðarganga frestist en göngin hafa verið boðin út og eru sjö verktakar að vinna að því útboði.

Gert er ráð fyrir 100 milljóna lækkun til samgöngumála þrátt fyrir að samgönguáætlun geri ráð fyrir rúmlega 13 milljarða króna innspýtingu í málaflokkinn.

Pétur Georg Markan, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir frumvarpið annaðhvort gallað, og þá þurfi að laga það, eða siðlaust. „Við fyrstu sýn finnst mér frumvarpið hálfpartinn sorglegt.“

Að mati Péturs þarf þingið nú að taka á honum stóra sínum. „Þingið hefur núna þrjár vikur til að leiðrétta frumvarpið og bjarga þannig sambandi sínu við Vestfirði,“ segir Pétur Georg. **– sa**



**Pétur Georg Markan,** formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga

# Fjárlagafrumvarp vonbrigði að mati starfsfólks Landspítalans

Læknir og framkvæmdastjóri fjármálasviðs LSH gagnrýnir fjárlagafrumvarp Bjarna Benediktssonar harðlega. Framlögin séu ekki í samræmi við loforðin fyrir kosningar. Tólf milljarða þurfi aukalega í reksturinn.

**FJÁRLÖG** „Þetta eru óraunhæf viðbrögð við margumræddri aukningu á eftirspurn og mun augljóslega leiða að óbreyttu til skerðingar á þjónustu. Við treystum því að ný ríkisstjórn muni bæta um betur. Að öðrum kosti bíður nýs ráðherra það erfiða og óvinsæla verkefni að ákveða hvaða þjónusta skuli falla niður. Það væri þvert á þau loforð allra flokka sem voru gefin fyrir kosningar,“ segir María Heimisdóttir, læknir og framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans, þegar hún er innt eftir svörum um nýtt fjárlagafrumvarp Bjarna Benediktssonar.

Fyrir kosningar þann 29. október síðastliðinn voru allir flokkar á einu máli um að nú væri komið að því að efla heilbrigðiskerfið og veita meira fé en áður til Landspítala-Háskólasjúkrahúss. María sagði í viðtali við kvöldfréttir Stöðvar 2, ekki alls fyrir löngu, að ef vel ætti að vera þyrfti spítalinn um 12 milljarða innspýtingu til rekstrarins. Spítalinn, sem flaggskip íslenskrar heilbrigðisþjónustu, hefur á síðustu árum þurft að skera niður í rekstri sínum og sýna aðhald sem væri komið að þolmörkum.

„Þetta eru mikil vonbrigði, ekki síst vegna þess að frumvarpið er í andstöðu við þau orð sem stjórnmálaflokkarnir höfðu uppi fyrir kosningar. Þetta frumvarp horfir þannig við okkur á Landspítalanum,“ segir María. „Stærstur hluti þeirra viðbótar sem þarna kemur fram fyrir Landspítalann er vegna launa og verðlagsbóta. Hækkun vegna launa skýrist nánast alfarið vegna kjarasamninga sem fjármálaráðuneytið hefur gert við stéttarfélögin.“

Um það bil fjórir milljarðar aukalega eru lagðir í heilbrigðisþjónustuna. Samkvæmt varfærnum útreikningum gætu um þrír fjórðu þess fjármagns farið einvörðungu í laun. Því er einn milljarður sem eftir stendur sem mun dreifast á heilbrigðisþjónustu landsins.

María segir að nú sé lag. Nýtt þing gangi óbundið til vinnu við fjárlögin. Enginn meirihluti hefur myndast og því leikur einn að ná samstöðu um að bæta fé inn í heilbrigðisþjónustuna.

„Við treystum því að þingmenn taki ákvarðanir í takt við það sem fram kom hjá stjórnmálaflokkum fyrir kosningar. Þar var uppi sterkur, samróma vilji til að efla heilbrigðiskerfið og þar með talið Landspítalann. **sveinn@frettabladid.is**



Að mati sérfræðinga á Landspítalanum þarf tólf milljarða aukalega til að reka spítalann. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verða milljarðarnir fjórir, þriðjungur þess sem sagt er nauðsynlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Við treystum því að ný ríkisstjórn bæti um betur.



María Heimisdóttir, læknir og framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans


JARL

HÖFÐINGLEGUR

Jarlinn er bragðmikill ostur í ætt við hinn danska „Gamle Ole“, en á rætur að rekja til Skagafjarðar. Jarlinn er rauðkíttostur og ber keim af kjötmeti en því fylgir einkar kröftugt eftirbragð. Jarlinn parast vel með grófu brauði, ólífum, hnetum og kokteiltómötum en fersk ber eru honum ekki að skapi. Þessi höfðingi úr Skagafirði vill að eftir honum sé tekið.




www.odalsostar.is




FALLEGAR JÓLAFLÍKUR OG ÓLAR FRÁ HUNTER



20% AFSLÁTTUR
AF DAGATALAKERTUM

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Mitsubishi Pajero
Instyle 3.2 DID
Ekinn 31.000
2015 7.990.000 KR
A 4x4
7 manna, dráttarbeisli, leðursæti, rafdrifin sæti, loftkæling, bakkmyndavél, Bluetooth, fjarlægðarskynjarar, glertopplúga, hraðastillir, leiðsögukerfi, fjarlægðarskynjarar o.fl

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

Margar stærðir, fleiri litir.

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is



Skoda Superb Combi
Ambition 1.6 TDI AT
2015 4.490.000 KR
64 A



Mercedes-Benz ML350
(W166) Blue tec 4Matic
2012 6.970.000 KR
59 A 4x4

KJARAKAUP



Skoda Octavia Combi
4x4 Ambiente 1.6 TDI MT
2012 ~~2.790.000~~ KR
TILBOÐ 2.390.000
91 4x4

KJARAKAUP



VW Golf GTI Edition 30
2.0 TFSI 230 hestöfl
2007 ~~1.890.000~~ KR
TILBOÐ 1.470.000 KR
161 A

KJARAKAUP



Audi A4 Avant
2.0 TDI AT
2012 ~~3.990.000~~ KR
TILBOÐ 3.340.000 KR
56 A

KJARAKAUP



Nissan Pathfinder
4x4 SE 7m. 2.5 Dísil AT
2013 ~~5.890.000~~ KR
TILBOÐ 4.690.000 KR
94 A 4x4

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

Volkswagen ŠKODA MITSUBISHI MOTORS


# FJÁRLAGAFRUMVARP 2017

# Hvað þýðir frumvarpið fyrir veskið þitt?

## Hið jákvæða fyrir veskið þitt

**ELLI- OG ÖRORKUBÆTUR**
Elli- og örorkubætur hækka um
**7,5%**

**NEÐRA SKATTÞREP**
Neðra skattþrep lækkar úr
**22,68% í 22,5%**

**FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR**
Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækka úr 370 þúsund í
**500** þúsund á mánuði

- Tollar falla niður nema á mat- og drykkjarvöru
- Skattur á leigutekjur lækkar úr **14%** í **10%**
- Barnabætur hækka um **3%**
- Tímabundin hækkun á vaxtabótum er framlengd um eitt ár



## Hið neikvæða fyrir veskið þitt

**SÓKNARGJALD**
Sóknargjald hækkar úr 898 kr. á mánuði í 920 kr. á mánuði – 2,4% hækkun. Á síðasta ári var hækkunin 9%.
**2,4%** hækkun

**ÁFENGI OG TÓBAK**
Skattar á áfengi og tóbak hækka um 2,5% umfram verðbólgu
**2,5%** hækkun

- Bensíngjald, olíugjald og kolefnisgjald hækka um **2,5%** umfram verðbólgu
- Bifreiðagjald hækkar um **2,5%**
- Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækkar úr **10.464 kr.** á ári í **10.956 – 4% hækkun**

**VEGABRÉF**
Gjald fyrir útgáfu vegabréfa hækkar um 20% – það kostar 10.250 kr. núna en verður 12.300 kr. næsta ár.
**20%** hækkun

**ÚTVARPSGJALD**
Útvarpsgjald hækkar um 2,2% – það fer úr 16.400 kr. á ári í 16.760 kr.
**2,2%** hækkun


SOFÐU LITLA BARNIÐ MITT
UNDURFAGRAR VÖGGUVÍSUR VIÐ UNDIRLEIK
JÓNS ÓLAFSSONAR
VÖGGUVÍSURNAR
OKKAR
ÝTTU
Á TAKKANN
OG SYNGDU MEÐ
sögur
ÚTGÁFA

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Hæfi og virðing



Hafliði Helgason
hafliði@frettabladid.is

Við þingsetningu beindi forseti Íslands skynsamlegum orðum sínum til þingmanna og hvatti þá til að endurheimta traust og virðingu. Undanfarin misseri hafa stoðir ríkisvaldsins mátt búa við minnkandi traust og virðingu. Hið þrískipta ríkisvald hefur sjaldan notið jafn lítillar virðingar.

Það er auðvitað slæmt og hlýtur að vera keppikefli stoða samfélagsins að endurheimta virðingu sína á ný. Formaður Dómarafélagsins setti á dögunum ofan í við þingmenn fyrir að veitast að dómstólum úr þingsal og taldi það réttilega draga úr trausti og virðingu sem ekki væri of mikið af fyrir.

Dómarar þurfa stundum að sitja þegjandi undir ávirðingum sem sprottnar eru af heitum réttlætistilfinningum og eru órökréttar í ljósi þeirra laga sem þeir eru bundnir af og þurfa að dæma eftir. Því verður erfitt að breyta.

Á þessum vettvangi hefur það verið gagnrýnt að í nýjum lögum var dómurum ekki gert skylt að opinbera hagsmuni sína vegna eigna, eins og gert var með þau aukastörf sem þeir taka að sér. Rétt er að halda því til haga að málsaðilar í dómsmálum geta farið fram á að slíkir hagsmunir séu gefnir upp.

Fram hefur komið að forseti Hæstaréttar átti verulegan hlut í Íslandsbanka á árunum 2003 til 2007. Á sama tíma dæmdi hann í málum sem voru gegn bankanum. Einnig hefur komið fram að hann setti milljónatugi í eignastýringu þar sem skilgreint var að fjórðungur fjárfestingarinnar færi í innlend hlutabréf. Á þeim tíma voru íslenskir bankar tveir þriðju af heildarverðmæti hlutabréfamarkaðar.

Hér skal ekkert fullyrt um hæfi í tilteknum dómsmálum af þessum sökum. Um það munu lögspekingar væntanlega deila og þeir sem hagsmuni hafa af dómum þar sem slíkt gæti verið álitamál.

Hæfishugtakið er lögfræðilegt og snýr að lágmarkskröfum. Virðing er af öðrum toga. Virðing getur vissulega fylgt embætti, en hún fölnar fljótt ef sá sem þar situr stendur ekki undir henni. Virðingu öðlast menn heldur ekki af því að uppfylla lágmarksskilyrði, heldur með því að vera prýddir dyggðum umfram það sem almennt eru gerðar kröfur um.

Launakjör dómara eru rökstudd með þeim hætti að þeir þurfi í störfum sínum að vera fjárhagslega sjálfstæðir og lausir við freistnivanda. Þeim eru búin ágæt starfskjör og eftirlaun. Þeir eru auðvitað fólk og í tengslum við fjölskyldu og vini og geta af þeim sökum haft hagsmuni sem þeir eiga þá að gera grein fyrir.

Ekki er hægt að sjá að það að eiga lungann af sparifé sínu í einstöku almenningshlutafélagi sé sprottið af neinni nauð. Auðvelt er að selja slík bréf. Opin skráning eignahagsmuna er til þess fallin að dómarar vandi sig. Það væri skref í átt að því að auka virðingu æðsta dómstóls landsins.

> Hæfishugtakið er lögfræðilegt og snýr að lágmarkskröfum. Virðing er af öðrum toga. Virðing getur vissulega fylgt embætti, en hún fölnar fljótt ef sá sem þar situr stendur ekki undir henni.




### Halldór




## Frá degi til dags

**Steingrímur ekki allra**

**Í kjöri forseta Alþingis í gær kom í ljós að ekki var fullkomin sátt um að Steingrímur J. Sigfússon tæki við embættinu, þótt aðeins væri um tímabundna ráðstöfun að ræða. Einn þingmaður ákvað nefnilega að skila auðu á meðan aðrir viðstaddir studdu valið.**

**Formenn allra flokka höfðu komist að samkomulagi fyrir þingfundinn um að Steingrímur yrði kjörinn forseti Alþingis. Kosningin verður svo endurskoðuð með atkvæðagreiðslu takist þingflokkunum að mynda ríkisstjórn áður en kjörtímabilinu lýkur.**

**Sannfæring eða mistök?**

**Kosning forseta Alþingis er leynileg og því liggur ekki fyrir hvaða þingmaður ákvað að fylgja eigin sannfæringu í stað þess að hlýða leiðbeiningum formanns í kjörinu. Það kann þó að vera, í ljósi þess að meirihluti þingmanna hefur ekki setið á þingi eða hefur ekki átt fast þingsæti í nokkurn tíma, að um mistök hafi verið að ræða. Að þingmaðurinn hafi einfaldlega ýtt á rangan hnapp.**

**Þau mistök eru ekki sjaldgæf í þingheimi. Bjarni Benediktsson hefur til dæmis reglulega gerst sekur um að ýta á rangan hnapp við atkvæðagreiðslur – en þó tekist að leiðrétta valið í tæka tíð.** **thorgeirh@frettabladid.is**

## Talandi um Brúnegg



Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur og kennari

Eftirlit og vottun hvers konar hafa verið áberandi í umræðunni að undanförnu vegna villandi merkinga á vörum Brúneggja sem Kastljós gerði lýðum ljóst um daginn. Ekki skal hér lagður dómur á frammistöðu opinberra eftirlitsstofnana á borð við MAST í því máli heldur því velt upp hvort eftirlit og vottun þurfi endilega að vera á vegum ríkisins. Viðbrögð mín við þeim vangaveltum eru einföld: Markaðurinn á að sinna slíku, ekki hið opinbera.

**Dæmi um einkarekin vottunarfyrirtæki**

Staðreyndin er sú að fjölmörg eftirlits- og vottunarfyrirtæki eru nú þegar starfandi á frjálsum markaði hér á landi sem annars staðar. Nefna má frjáls félagasamtök á borð við Neytendasamtökin á Íslandi og hina alþjóðlegu gæðavottunarstofnun ISO. Þá er starfandi aragrúi af sjálfstæðum matsfyrirtækjum í samkeppnisrekstri eins og Tékkland og Aðalskoðun á sviði bifreiðaskoðunar hér heima og breska úttektarfyrirtækið BSI, sem m.a. vottar gæði og öryggi á lækningatækjum, lyftubúnaði og leikvöllum á alþjóðavísu. Að auki hefur netið séð til þess að neytendur eru sjálfir beinir aðilar að úttektum og gæðamati. Nefna má TripAdvisor og eBay í því samhengi. Það er því liðin tíð að leita þurfi á náðir ríkisins til að sinna eftirliti með öryggi og gæðum vöru eða þjónustu.

**Gott að hafa samkeppni**

Fyrirtæki í matvælaframleiðslu eða öðrum rekstri hafa beinan hag af því að framleiðsla þeirra sé vottuð af viðurkenndum aðilum. Þannig skapa þau traust og auka viðskipti sín. Þau myndu því glöð greiða beint fyrir slíkar úttektir. Væru öll mats- og eftirlitsfyrirtæki á markaði myndu þau keppa á grundvelli verðs og þjónustu. Þeim fyrirtækjum sem ekki stæðu sig yrði rutt úr vegi og ný tækju við eða þau sem fyrir væru efldust. Slík hreinsun á sér trauðla stað ef ríkið situr eitt að starfseminni. Þvert á móti. Fjárframlög eru aukin og rekstur viðkomandi stofnunar tryggður enn frekar. Fyrirtæki og neytendur fá ekkert val, borga bara reikninginn í formi hærri skatta. Ekki gott.

> Væru öll mats- og eftirlitsfyrirtæki á markaði myndu þau keppa á grundvelli verðs og þjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# „Rangur misskilningur“



**Guðný Halldórsdóttir**
leikstjóri og fv. starfsmaður Þjóðgarðsins á Þingvöllum

Sagði fulli kallinn við Stellu í orlofi, þegar hún var að sinna honum með góðum ásetningi.

Í grein í blaðinu um daginn vogaði ég mér að andmæla því að Mosfellsdalurinn og Þjóðgarðurinn væru hjáleið fyrir farskjóta, sem eiga ekki brýnt erindi þangað, umferðin orðin of mikil. Í góðum ásetningi kom ég með hugmynd um að endurbyggja gamla Þingvallaveginn, sem sést hér á korti og var aflagður vegna sérvisku freks karls. Vegagerðin svaraði fyrir freka kallinn með útúrsnúningi varðandi þessa ágætu ævagömlu leið, segir að Blönduós, Vík og Borgarnes þurfi að líða fyrir svipaða umferð. Það eru byggðakjarnar, sem þrífast á ferðamennsku, eru staðsettir við hringveginn og vilja það. Væru ansi daufir, ef ekki væri fyrir gegnumstreymi ferðalanga með sjoppum og bensínsölu enda hugsuð sem áningarstaðir í aðalleið, ekki hjáleið.

Ég veit að það er óvinsælt að segja hlutina eins og þeir eru, en einhver verður að gera það.

Í þau átta ár sem ég sat í bæjarstjórn, biðum við oft eftir fundi með Vegagerðinni, með óskir íbúa og bæjaryfirvalda um uppbyggilegar breytingar á vegstæðum. Þá sjaldan þeir mættu, völtuðu þeir yfir okkur og allar okkar beiðnir. Þá fattaði maður hve vonlaust það er að reyna hafa einhver áhrif á sérfræðinga Vegagerðarinnar, þeir hlusta ekki á neinn. Þeir fara með þennan málaflokk fyrir land og þjóð og sama hve margir íbúafundir, bæjarstjórnarfundir og skipulagsfundir eru haldnir með óskir, úrlausnir og framtíðarsjónarmið, þeir hafa valdið. Vegagerðin hlustar einungis á verkfræðilega útreikninga, án tillits til fólksins, landsins og náttúrunnar og skilur bara það sem hægt er að reikna.




**Þá sjaldan þeir mættu, völtuðu þeir yfir okkur og allar okkar beiðnir. Þá fattaði maður hve vonlaust það er að reyna hafa einhver áhrif á sérfræðinga Vegagerðarinnar, þeir hlusta ekki á neinn.**

## Bæjarstjórnin blóraböggull

En alltaf láta þeir grey bæjarstjórnina skýla sér fyrir yfirganginum. Segja að allt sé það unnið í samvinnu við bæjaryfirvöld og að þeir hafi mætt á íbúafund með glærur, til að sýna okkur hvernig þeir ætla að hafa þetta. Á endanum er eymingjans bæjarstjórnin skömmuð fyrir glærurnar þeirra og líður eins og fólkinu á íbúafundinum: alveg í rusli yfir frekjuganginum, en verður í sveita síns andlits að ganga á milli sérfræðinganna og fólksins, þannig að allt líti þetta þokkalega út, sérstaklega fyrir Vegagerðina.

Vitað er að það verður að fara út í vegabætur þar sem túrisminn er mestur. Gullni hringurinn er vinsælastur og sprunginn. Það verða að koma nýjar hugmyndir með framtíðarsýn og víðsýni, í stað þess að reikna út stækkanir á ómögulegum leiðum sem fyrir eru.

Að hafa ekki meira hugmyndaflug í veglagningu en að breikka enn meir göturnar í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, svo gegnumstreymið verði enn meira sýnir að það er ekki borin mikil virðing fyrir staðnum. Það er dapurlegt að koma til Þingvalla núna og eiginlega óráðlegt að fara þangað fyrir viðkvæmt fólk.

Sá ráðherra sem stjórnar Vegagerðinni ætti endilega að hlusta á óskir og tilmæli frá íbúunum, fólkinu sem þekkir landið af eigin raun og reynir að koma með uppbyggilegar hugmyndir. Vegagerðin gerir það ekki, hún vinnur við að reikna fyrir einhver stjórnvöld, en ber enga ábyrgð á því sem síðar verður varðandi eyðileggingu á landi, náttúru og lífsgæðum íbúa.

## Freki kallinn alltaf stikkfrí

Líkt og freki kallinn sem lét leggja nýja Þingvallaveginn út í bláinn, veg sem var lokaður átta mánuði á ári vegna snjóalaga og vondrar staðsetningar. Sá bar enga ábyrgð á neinu og enginn man hver hann var. Hann t.d. bar ekki ábyrgð á því að nú er verið að reyna að halda þessum klikkaða vegi opnum fyrir gegnumstreymi að vetrarlagi fyrir óheyrilegan pening.

Svo bíð ég spennt eftir að sérfræðingur hjá Vegagerðinni svari mér, láti mig helst heyra það, noti bæjarstjórnina sem skjöld, að þetta sé allt eiginlega hennar mál, skauti fram hjá Þjóðgarðinum og klykki út með að segja að þeir eigi líka bágt á Blönduósi, og fyrst þeir eiga bágt, þá eigum við Mosfellingar að eiga að minnsta kosti jafn bágt.

# Af frelsi annarra



**Þröstur Ólafsson**
hagfræðingur

**Nei, það er ekki sitt eigið frelsi sem fólk óttast, það nýtur þess.**

Á síðastliðnu ári ritaði ég nokkrar greinar hér í Fréttablaðið, þar sem ég reyndi að rekja söguslóð og ráða í þróun þeirra samfélagsgilda sem einkenna vestræna samfélagsmódelið. Frelsi einstaklingsins, lýðræði, virðing fyrir lögum og rétti, mannréttindi, valddreifing og markaðsbúskapur svo nokkur séu nefnd. Samflétting allra þessara gilda myndar þann vef sem vestrænt lýðræðisskipulag er ofið úr. Af þessum gildum er frelsi einstaklingsins það sem mestum ljóma stafar af. Frelsið hefur meira aðdráttarafl en öll önnur vestræn gildi, en á erfitt uppdráttar án þess að hin fylgi með.

Það tók aldir að draga einstaklinginn undan oki fordóma, gera hann sjálfstæðan gagnvart trúarbrögðum, veraldlegum yfirvöldum og að lokum gagnvart sjálfum sér. Þetta snerist allt um myndugan, frjálsan einstakling. Frelsið hefur verið rauði þráðurinn í mótunarferli vestræns samfélags. Lengi vel var tekist á og barist um hvað hefði undirtökin, einveldi, stjórnveldi eða lýðveldi. Það er í raun ekki fyrr en Bandaríkin, með þátttöku sinni í fyrri heimsstyrjöldinni, taka af allan vafa um að þau ætla að standa vörð um vestrænt, frjálslynt lýðræði og verða forystuþjóð þess.

## Beygur um afdrif frelsisins

Síðan þá er liðin heil, misfarsæl öld. Lengst af var óttinn um afturhvarf til verri tíma með í för. Öflugar einræðishreyfingar sóttust eftir heimsyfirráðum um langt fram yfir miðja síðustu öld. Fasista-, nasista- og kommúnistahreyfingar lögðu til atlögu við vestrænt lýðræði og reyndu að leggja það að velli. Óttinn á Vesturlöndum við að þessar ofbeldisstefnur myndu ná undirtökum var lengi mikill og ríkjandi fram eftir síðustu öld. Með þátttöku í tveimur heimsstyrjöldum og einu köldu stríði, réðu Bandaríkin úrslitum um að Vestrið sigraði.

Eftir hrun Berlínarmúrsins og síðan Sovétríkjanna leit svo út, sem vestrænt frjálslynt lýðræði hefði lagt allar andstefnur sínar að velli. Hræðslan við að glata frelsinu, sem sameinað hafði vestræn ríki, vék fyrir bjartsýni um sigurgöngu frelsisins um alla framtíð. Engin öflug hugmyndafræði eða hervætt stórveldi virtist geta ógnað því. Viðskiptahindranir voru fjarlægðar, samfélögin opnuð í frjálsræðisátt; samstarf og aðlöðun þjóðanna gerð greiðfærari.

Hnattvæðingin hélt innreið sína, en hún er í reynd ekki annað en aukið frelsi til að flytja viðskipti, framleiðslu, vinnuafl, þjónustu og fjármagn á milli landa og heimsálfa. Samfélagsleg áhrif hennar urðu einkum þau að flytja fjármagn og framleiðslu frá vestri til austurs og frá norðri til suðurs. Þetta jók tekjur í austri og suðri en færði sumum vestrænum ríkjum atvinnuleysi, en jafnframt ódýrari neysluvörur.

## Óttinn við frelsið

Það var ekki hvað síst af ótta við að missa frelsið, að forysturíki Vestursins hóf herferð til að útbreiða vestræna samfélagsmódelið, með frelsið að leiðarljósi. Ríkisstjórnir sem lögðust á sveif með Vesturlöndum voru styrktar. Róttækar vinstri hreyfingar voru ofsóttar og gengið var milli bols og höfuð á ríkisstjórnum sem bandarísk stjórnvöld töldu vera ógnun við frelsið, ekki hvað síst við hið frjálsa framtak. Aftökur, limlestingar og stríð voru sett á dagskrá til varnar þessu frelsi. Þrátt fyrir mörg óhæfuverkin tókst ætíð að vinna meirihlutann til fylgis við vestræn grunngildi. Markaðskerfið, með öllum þess vanköntum og veikleikum, var ríkisstýrðum hagkerfum yfirsterkara og árangursríkara.

Síðan kom árásin á tvíburaturnana. Þá breyttist flest. Í hugum fólks verða djúpstæð umskipti. Jafnframt því að óttast hefndarverk og að glata eigin frelsi, fer almenningur að hræðast frelsið sjálft. Frelsið opnar landamæri og opnar framandi fólki ný heimkynni; það hrindir burtu viðskiptahindrunum og eykur samkeppni heimafyrir. Frjálst fólk má berjast fyrir réttindum kvenna, hinsegin fólks, hörundslitaðra og minnihluta hópa. Eina leiðin til að hindra þetta er að takmarka eða afnema frelsið.

Nei, það er ekki sitt eigið frelsi sem fólk óttast, það nýtur þess. Það er hrætt við frelsi annarra, og berst því gegn því. Frelsið, sem er aðall Vesturlanda, er orðið mörgum ógnvekjandi. Við breiðum það ekki lengur út, heldur takmörkum það. Kannski litum við alltaf á frelsið sem frelsi okkar til að gera það sem okkur sýnist.

Með kosningu Trumps vex óttinn við að hann muni hefjast handa við að takmarka frelsið í höfuðvígi þess, Bandaríkjunum. Hann mun trauðla afnema lýðræðið, en hann ætlar að leggja af þetta frjálslynda, umburðarlynda og veraldaropna vestræna lýðræði. Þessi pólitísku veðrahvörf frá hægri eru ógnvekjandi. Bretland er á svipaðri vegferð. Víða í löndum Vestur-Evrópu setja hægri lýðskrumarar fram sömu kröfurnar; úthýsum frjálslyndi og umburðarlyndi. Frjálslynt, opið og upplýst lýðræði, sem er kjarni frelsisins, virðist orðið vegavillt og vinafátt. Sic transit gloria mundi.

# Íslensk olía?



**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður VG í Suðurkjördæmi

Olíuleit á Drekasvæðinu knýr fram spurningu: Olíuvinnsla ef olía finnst og er vinnanleg; já eða nei?

Skúli Thoroddsen, lögfræðingur Orkustofnunar, svarar játandi í pistli í Fréttablaðinu 23.11. Hann gerir grein fyrir hvert stefnir í orkumálum heimsins þar sem brennsla jarðefnaeldsneytis er stærsti orsakavaldur ógnandi loftslagsbreytinga. Hann telur að aukin olíunotkun en minni mengunarrík kolanotkun geti verið mikilvægasti þátturinn í að ná markmiðum Parísarsamkomlagsins fyrir 2040. Bendir á að orkuþörf heimsins aukist og að Alþjóðaorkumálastofnunin spái að á tímabilinu aukist framleiðsla með endurnýjanlegum orkugjöfum úr 1% upp í aðeins 5%.

## Af hverju ekki?

Skúli skrifar síðan langt mál um áhættu af umhverfisslysum við olíuvinnslu á Drekasvæðinu og hvernig megi minnka hana. Um það málefni eru vart deilur né heldur vantreysta menn fyrirfram vörnum gegn umhverfisslysum í þessu tilviki. En hann lætur líta svo út að þessi áhætta sé aðalatriðið í afstöðu stjórnmálaflokka og einstaklinga gegn vinnslu á Drekasvæðinu. Þar hefur hann misst sjónar á aðalatriðinu.

Staðreyndin er sú að meginrökin gegn olíuvinnslu norðan heimskautsbaugs eru allt önnur. Þau eru þessi: Hvað sem vaxandi orkuþörf líður má ekki snerta við og nýta nema um það bil þriðjung þekktra og óunninna kola-, gas- og olíubirgða heims ef á að komast nálægt markmiðum Parísarsamkomulagsins. Þess vegna er rangt að leita uppi nýjar olíulindir svo minnka megi til dæmis kolanotkun. Hana má minnka með tilhliðrunum í framleiðslu jarðefnaeldsneytis úr þekktum birgðum, eins þótt það kosti meira en ella. Hærri kostnaður við nýtingu olíu en kola er réttlætanlegur svo bjarga megi því sem bjargað verður. Og það sem meira er: Það verður að leggja út í margfalda núverandi fjárfestingu til að efla þróun og notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Fé til þess má ekki koma úr sölutekjum af aukinni vinnslu jarðefnaeldsneytis umfram fyrrnefndan þriðjung.

**Siðræn mótsögn er í því að hefja eða auka jafnt og þétt við þessa starfsemi í hagnaðarskyni en vinna um leið að því heima fyrir að minnka losun gróðurhúsagasa. Það er umhugsunarvert fyrir okkur.**

Gróði olíurisanna og margra fyrirtækja, auk ríkisfjár sem flestra þjóða (og olíusjóða!), gæti dugað langt í þessum efnum.

Norðmenn eiga stóran þátt í vinnslu og þar með brennslu jarðefnaeldsneytis en státa jafnframt af litlu vist- eða kolefnisspori heima fyrir. Siðræn mótsögn er í því að hefja eða auka jafnt og þétt við þessa starfsemi í hagnaðarskyni en vinna um leið að því heima fyrir að minnka losun gróðurhúsagasa. Það er umhugsunarvert fyrir okkur.






**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

# DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM



## TVENNUTILBOÐ

Dúnsæng og dúnkoddi
60% dúnn, 40% smáfiður.

19.900 kr.

Fullt verð: 29.800 kr.



## TEMPRAKON ADVANCE SÆNG

Stærð: 135 x 200 cm. Einnig fáanleg 135 x 220 cm og 200 x 220 cm.
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.
Þyngd: 600 g.

44.115 kr.

Fullt verð: 51.900 kr.

## TEMPUR-KODDI Í JÓLAPAKKANN FYRIR ÞANN SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNT UM!



**20% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!**

### TEMPUR ORIGINAL

Hentar vel þeim sem sofa á hlið og baki.
Fáanlegur S / M / L / XL.

Jólatilboð frá: 14.320 kr.

Fullt verð frá: 17.900 kr.



**20% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!**

### TEMPUR CLOUD COMFORT

Cloud Comfort koddinn er tilvalinn fyrir þá sem vilja stuðninginn sem Tempur er þekkt fyrir, en mýktina líka.

Jólatilboð: 19.920 kr.

Fullt verð: 24.900 kr.



**20% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!**

### TEMPUR TRADITIONAL

Fáanlegur mjúkur, miðlungs og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

Jólatilboð: 15.920 kr.

Fullt verð: 19.900 kr.



### BELLA DONNA ALOE VERA LÖK

Dúnmjúk og slitsterk lök sem allir elska, fáanleg í öllum stærðum og ótal litum.

Verð frá 9.500 kr.

**15% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!**



### RÚMFÖT

frá Elegante, Joop, Hugo Boss, Calvin Klein, Kenzo o.fl.

Fullt verð frá: 19.900 kr.

Jólatilboð frá: 16.915 kr.




**BAÐSLOPPAR, VERÐ FRÁ: 25.990 KR.**

**NÝJUNG Í BETRA BAKI**

### SLÖKUN OG VELLÍÐAN

UNDRI heilsuinniskór með fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr spennu og örva blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri eða ljósri Merino-ull.
**Komdu og prófaðu!**

5 reflex zones
BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG

7.900 KR.



**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 | Sun. 13–17
www.betrabak.is

# VERÖLD HVÍLDAR

## BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

Tempur | Serta | Conform | Calvin Klein | Hugo Boss | Kenzo | Elegante | Ralph Lauren | Temprakon




**JÓLATILBOÐ**

**SERTA ROYALITY HEILSURÚM**

VERÐDÆMI: 160 x 200 cm.

**250.816 KR.***

~~313.520 KR.~~

**Í BOÐI VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI**

**14.981 KR. Á MÁN**



FÁANLEGT Í STÆRÐUNUM 160/180X200, 180X210 OG 192X203 CM.

* Aukahlutur á mynd: höfuðgafl

**STILLANLEGT RÚM**

C&J Platinium botn með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm.
Einnig fáanlegt með Tempur dýnum.

**442.350 KR.***

~~589.800 KR.~~



* Aukahlutur á mynd: höfuðgafl

**15% AFSLÁTTUR**

**TIMEOUT HÆGINDASTÓLL OG SKEMILL**

**322.980 KR.**

~~379.800 KR.~~



Betra BAK

# Sonja og Helgi best á árinu

Íþróttasamband fatlaðra verðlaunaði í gær sitt besta íþróttafólk á árinu sem er að líða. Sundkonan Sonja Sigurðardóttir var valin íþróttakona ársins og spjótkastarinn Helgi Sveinsson var valinn íþróttakarl ársins.

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** Það var skemmtileg stemning í hinu árlega hófi Íþróttasambands fatlaðra þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir góðan árangur á árinu.

Byrjað var á því að veita Hvataverðlaun ÍF og þau hlaut að þessu sinni Helga Olsen, kennari og skautaþjálfari. Hún byrjaði að vinna með Íþróttasambandi fatlaðra árið 2005 er hún tók að sér þjálfun keppenda í listhlaupi á skautum fyrir alþjóðaleika Special Olympics í Japan.

Hún hefur leitt skautastarf fyrir fatlaða á Íslandi og starfar nú hjá skautadeild Aspar. Í gegnum skautastarfið hafa fjölmargir Íslendingar fengið tækifæri til þátttöku á mótum bæði innanlands sem og erlendis.

### Jón Margeir fékk skjöldinn

Afreksskjöld ÍF fékk síðan sundkappinn Jón Margeir Sverrisson. Skjöldinn fær Jón Margeir fyrir sitt framlag til íþrótta fatlaðra en hann hætti eftir Ólympíumótið í Ríó og ætlar að snúa sér að annarri íþróttaiðkun.

Jón Margeir átti glæsilegan feril í lauginni en hápunkturinn kom klárlega á Ólympíumótinu í London árið 2012. Þá vann Jón Margeir til gullverðlauna og setti heimsmet í 200 metra skriðsundi í flokki S14 sem er flokkur þroskahamlaðra.

### Sonja best hjá konunum

Íþróttakona ársins er sundkonan Sonja Sigurðardóttir en hún var að hljóta nafnbótina í þriðja sinn á ferlinum. Hún var einnig íþróttakona ársins árin 2008 og 2009.

Sonja setti Íslandsmet í 50 metra baksundi á Ólympíumóti fatlaðra í Ríó. Þar komst hún í úrslit og hafnaði í áttunda sæti. Sonja tók einnig þátt á Evrópumeistaramótinu og opna þýska meistaramótinu.

„Það er mjög skemmtilegt að vinna þennan bikar,“ segir Sonja brosmild en hún var ánægð með árið hjá sér. Sérstaklega með Ólympíumótið í Ríó.

„Ég var mjög ánægð með árið. Fór á þessi þrjú mót en náði toppnum í Ríó. Ég var ánægð með allt í Ríó, umhverfið, og mér leið mjög vel þar. Allir í hjólastólum og enginn að horfa á mig af því að ég væri öðruvísi.“



Best. Sonja og Helgi með verðlaunin sín í hófi ÍF á Hótel Sögu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sonja er búin að vera í sundinu í nítján ár en hún er alls ekkert á þeim buxunum að hætta á næstunni.

„Ég mun halda eitthvað áfram. Kristín Rós [Hákonardóttir] var að synda í 20 ár minnir mig. Ég er alls ekkert á því að hætta strax. Á næsta ári fer ég á heimsmeistaramótið og þar er stefnan að toppa sjálfa mig eins og ég gerði í Ríó.“

> Kristín Rós var að synda í 20 ár minnir mig. Ég er alls ekkert á því að hætta strax. Á næsta ári fer ég á HM og þar er stefnan að toppa sjálfan mig eins og ég gerði í Ríó.
>
> Sonja Sigurðardóttir

### Helgi aftur bestur

Helgi Sveinsson spjótkastari var svo útnefndur íþróttakarl ársins en þetta er annað árið í röð sem hann hlýtur þessa nafnbót og í þriðja sinn alls. Helgi varð Evrópumeistari á árinu. Helgi tók svo þátt á Ólympíumóti fatlaðra, setti Ólympíumet en hafnaði að lokum í fimmta sæti. Búið var að sameina nokkra flokka í spjótkastinu fyrir leikana og árangur Helga í hans flokki var framúrskarandi.

„Svona nafnbót skiptir gríðarlegu máli og gaman að fá æðstu nafnbótina í flokki fatlaðra. Það er stefnan á hverju ári að ná sem bestum árangri,“ segir Helgi kátur en hann var ánægður með árið hjá sér.

„Ég var ósáttur eftir Ólympíumetið en þegar ég lít yfir heildina get ég ekki verið annað en ánægður með þetta. Ég varð Evrópumeistari, setti nýtt Ólympíumótsmet og er sá eini í mínum fötlunarflokki sem komst í úrslit í spjótkastskeppninni. Þetta hefur breyst svolítið mikið við þessa sameiningu. Ég er að keppa við stráka sem eru minna fatlaðir en ég og þetta var því mjög gott.“

Helgi er æfa af krafti þessa dagana og á nýju ári bíða nýjar áskoranir.

„Það er HM í London þar sem Ólympíumótið var 2012. Það verður gaman að mæta á þann völl aftur og gera enn betur en síðast. Ég er ekkert á því að fara að hætta. Á meðan skrokkurinn er í lagi og löngunin er svona mikil þá ætla ég að halda áfram. Ég held áfram þar til ég get ekki meir,“ segir Helgi og hlær við.

**henry@frettabladid.is**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu í fótbolta**

### A-riðill

**Basel - Arsenal 1-4**
0-1 Lucas (8.), 0-2 Lucas (16.), 0-3 Lucas (47.), 0-4 Alex Iwobi (53.), 1-4 Doumbia (78.).
Birkir Bjarnason var ónotaður varamaður.

**PSG - Ludogorets 2-2**
**Lokastaðan:** Arsenal 14, PSG 12,Ludogorets 3, Basel 2.

### B-riðill

**D.Kiev - Besiktas 6-0**
**Benfica - Napoli 1-2**

**Lokastaðan:** Napoli 9, Benfica 9, Besiktas 7, Dynamo Kiev 5.

### C-riðill

**Barcelona - Gladbach 4-0**
1-0 Lionel Messi (16.), 2-0 Arda Turan (50.), 3-0 Arda Turan (53.), 4-0 Arda Turan (67.).

**Man. City - Celtic 1-1**
0-1 Patrick Roberts (4.), 1-1 Iheanacho (8.)

**Lokastaðan:** Barcelona 13, Man. City 9, Gladbach 6, Celtic 3

### D-riðill

**Bayern - Atletico 1-0**
11-0 Robert Lewandowski (28.)

**PSV - Rostov 0-0**
**Lokastaðan:** Atletico 16, Bayern 10, Rostov 5, PSV 2.

### HRAFNHILDUR Í UNDANÚRSLIT Á HM Á NÝJU ÍSLANDSMETI

Íslensku sunddrottningarnar Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eygló Ósk Gústafsdóttir syntu báðar á fyrsta degi á HM í 25 metra laug í Windsor í Kanada í gær. Hrafnhildur bætti sitt eigið Íslandsmet í 50 metra bringu þegar hún náði fimmtánda besta tímanum í undanrásum (30,64 sek.) en hún bætti gamla metið um þrjú sekúndubrot.



Eygló Ósk var aftur á móti langt frá sínu besta og komst ekki í undanúrslitin.

Undanúrslitasundið hennar Hrafnhildar fór ekki fram fyrr en í nótt en það er hægt er að sjá allt um það á Vísi.








# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. desember 2016

47. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




## Tvöfalt fleiri ferðamenn í vetur

Erlendum ferðamönnum fjölgar gríðarlega yfir vetrarmánuðina í ár. Bretar eru stærsti einstaki hópurinn. Flestir heimsækja Reykjavík og Suðurland. Sóknarfæri eru á Norðurlandi og víðar. » 4






Áætlað er að tekjur af tónlist muni aukast um sex prósent á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Tónlistariðnaðurinn að vaxa í fyrsta sinn í áratug

Svo virðist sem tekjur af streymiþjónustum á borð við Spotify og auglýsingar í gegnum YouTube séu loksins farnar að skila sér í vasa tónlistarmanna, en tekjur í tónlistariðnaðinum eru nú að vaxa á ný í fyrsta sinn í áratug.

Business Insider greinir frá því að greiningaraðilar hjá Macquarie spái nú miklum vexti í iðnaðinum og að tekjur muni tvöfaldast á næsta áratug. Spáð er að tekjur í iðnaðinum muni vaxa um fimm prósent árið 2016 og nema 15 milljörðum Bandaríkjadala. Tekjurnar hafa dregist verulega saman undanfarinn áratug en árið 1999 námu þær 40 milljörðum dollara.

Á síðastliðnu ári hefur YouTube greitt tónlistarmönnum yfir milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði 110 milljarða króna, vegna auglýsinga. Það eru þó ekki allir sáttir við stefgjöld YouTube og hafa þungavigtarmenn úr tónlistariðnaðinum gagnrýnt að þau séu of lág. Margir nota YouTube í stað Spotify eða Apple Music sem greiða tónlistarmönnum hærri stefgjöld.

Tekjur af tónlistarstreymi eru nú orðnar stærsti tekjuliður iðnaðarins og skipta því greiðslurnar mjög miklu máli. Spotify greiddi út 1,8 milljarða dollara, tæplega 200 milljarða króna, til tónlistarmanna árið 2015. – sg

## Vikan sem leið

**90**
**dagar**

Forsvarsmenn Airbnb hafa ákveðið að mæta kröfum ósáttra leigjenda og takmarka möguleika notenda til útleigu í tveimur borgum. Í London mega eigendur ekki leigja út íbúðir sínar lengur en í 90 daga á ári og í Amsterdam takmarkast útleiga við 60 daga. Í fyrra lofuðu forsvarsmenn Airbnb að tryggja það að valda ekki skorti á leigumarkaði.

**670**
**milljarðar**

Árið 2016 hefur verið metár hjá kvikmyndaframleiðandanum Disney en fjöldi stórmynda úr smiðju fyrirtækisins kom út á árinu. Tekjur af myndum Disney nema yfir sex milljörðum dollara, jafnvirði 670 milljarða íslenskra króna, það sem af er ári. Þrjár af fimm vinsælustu kvikmyndum ársins í Norður-Ameríku eru úr smiðju Disney og fimm af þeim tíu vinsælustu.

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Umsjón Hafliði Helgason hafliði@365.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is






Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, hefur áhyggjur af því að hröð styrking krónunnar skemmi tækifæri til uppbyggingar til lengri tíma í greinum sem skapa hálaunastörf. FRETTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Styrking krónu ógnar langtímahagsmunum

**Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir nauðsynlegt að vinna á móti styrkingu krónunnar. Seðlabankinn þurfi að lækka vexti og kaupa gjaldeyri. Einnig sé nauðsynlegt að lífeyrissjóðir auki erlendar fjárfestingar.**

Ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af því að styrking krónunnar valdi því að þekkingarfyrirtæki sem skapa hálaunastörf til lengri tíma flytjist úr landi. Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir þessa þróun varasama fyrir hag þjóðarbúsins til lengri tíma. „Þær greinar sem geta síst brugðist við hraðri styrkingu eru fyrstar til að leita annarra leiða. Það er því hætta á því að ef verið er að búa til nýtt starf eða setja upp nýja þróunareiningu verði það gert erlendis.“

Almar segir þetta eiga við um greinar sem byggja á þekkingu og menntun og borga hærri laun. „Þetta geta verið fyrirtæki á sviði lækningatækja, hugbúnaðarfyrirtæki og verkfræðistofur. Þetta er miklu fjölbreyttari flóra fyrirtækja en fólk gerir sér almennt grein fyrir.“ Hann segir þetta greinar sem byggi á mannauði og þekkingu og séu mikilvægar í bland við fyrirtæki sem séu með aðra samsetningu vinnuafls. „Við þurfum hvort tveggja og nú erum við á skeiði þar sem er hætta á að við töpum ávinningi af tæplega áratugar uppbyggingu í slíkum iðnaði úr landinu,“ segir Almar.

Almar segir að í ljósi þessarar styrkingar sé áhugavert að sjá að íslenskir langtímafjárfestar haldi að sér höndum með erlendar fjárfestingar. „Það hafa myndast góð skilyrði fyrir þá sem þurfa að dreifa áhættu sinni erlendis, en þau tækifæri hafa ekki verið nægjanlega nýtt. Það finnst okkur miður, því það myndi styðja við það að við höfum hér farsælla umhverfi til langtímauppbyggingar margs konar útflutningsgreina sem við þurfum til lengri tíma horft.

Ferðaþjónustan hefur að undanförnu skapað vaxandi gjaldeyristekjur og staða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum hefur aldrei verið sterkari. Almar segir að við þessar aðstæður þurfi að grípa til einhverra aðgerða. „Við fögnum því auðvitað að ferðaþjónusta byggist upp sem sterk atvinnugrein. Ef krónan heldur áfram að styrkjast eins og verið hefur, þá er það alvarlegt mál.“ Hann bendir á að ástæður séu til að hafa áhyggjur af því að of hröð styrking muni á endanum bitna á ferðaþjónustunni sjálfri.

Hann leggur áherslu á þrennt sem þurfi að nýta nú til að vinna á móti þróuninni. „Við teljum að

> **Það hafa myndast góð skilyrði fyrir þá sem þurfa að dreifa áhættu sinni erlendis, en þau tækifæri hafa ekki verið nægjanlega nýtt.**

Seðlabankinn þurfi að lækka vexti og minnka vaxtamun milli okkar og annarra. Bankinn þarf einnig að vera virkur á markaði og kaupa gjaldeyri til að viðhalda jafnvægi. Í þriðja lagi þurfa lífeyrissjóðir að nýta þessa sterku stöðu til að nýta þær heimildir sem þeir hafa til erlendra fjárfestinga.“ Hann bætir því við að honum finnist vel koma til greina við þessar kringumstæður að sjóðunum sé sett gólf fremur en þak eins og verið hefur. „Það þarf að myndast útflæði á móti innflæðinu.“

Almar segir að afnám hafta við þessar kringumstæður sé skynsamlegt með þeim fyrirvara að varúðar sé gætt varðandi innstreymi vegna vaxtamunar. „Staðan núna er sú að það virðist vera óhætt að stíga stærri skref.“

hafliði@frettabladid.is

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 7. desember**

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

SEÐLABANKI ÍSLANDS
- Útgáfa Fjármálainnviða

**Föstudagur 9. desember**

LÁNAMÁL RÍKISINS
- Mánaðarlegar markaðsupplýsingar Lánamála ríkisins

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2016

**Mánudagur 12. desember**

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Efnahagslegar skammtímatölur í desember 2016

**Þriðjudagur 13. desember**

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

VINNUMÁLASTOFNUN
- Atvinnuleysistölur Vinnumálastofnunar

**Miðvikudagur 14. desember**

SEÐLABANKI ÍSLANDS
- Vaxtaákvörðun

**Fimmtudagur 15. desember**

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Afli erlendra ríkja við Ísland 2014 og heimsaflinn 2014

**Mánudagur 19. desember**

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir janúar 2017

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Samræmd vísitala neysluverðs í nóvember 2016

vísir Allar markaðsupplýsingar

# DRAMATÍSKASTA SJÓSLYSASAGA SEINNI TÍMA




★★★★
BGS / PRESSAN
um Háska í hafi

Illugi Jökulsson fer á kostum í spennandi, hrífandi frásögn.

sögur útgáfa

# Koma ekki bara fyrir norðurljósin

**Vetrarferðamenn verða tvöfalt fleiri í ár en í fyrra samkvæmt spá Isavia. Áætla má að erlend kortavelta yfir vetrarmánuðina fari yfir fjörutíu milljarða í ár. Bretar eru stærsti einstaki hópurinn. Margir koma bæði að sumri og vetri til. Ferðamennirnir eru skemur hér á landi og sækja mikið í skipulagðar skoðunarferðir. Reykjavík og Suðurland eru vinsælustu áfangastaðirnir og áramótin eru sígild.**





Vetrarferðalangar stoppa styttra á Íslandi og heimsækja oftast Reykjavík og Suðurland. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

Ný spá Isavia gerir ráð fyrir að erlendir ferðamenn til Íslands í vetur verði tvöfalt fleiri en frá nóvember til loka janúar á síðasta ári. Vetrarferðamenn eru að verða sífellt mikilvægari fyrir hagkerfið, kortavelta þeirra nam 30,2 milljörðum króna í fyrra samkvæmt tölum Rannsóknaseturs verslunarinnar og miðað við 46 prósent aukningu það sem af er ári í kortaveltu má áætla að hún verði rúmir 44 milljarðar á þessu ári. Bretar eru stærsti hópurinn sem sækir Ísland heim á þessum árstíma.

Ragnheiður Harpa Haraldsdóttir, starfsmaður í markaðsdeild hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Arctic Adventures, segir Ísland í raun og veru vera eins og tvö lönd, eitt á sumrin og annað á veturna. Margir ferðamenn vilji upplifa bæði löndin og komi því aftur. Það eru ekki einungis norðurljósin sem trekkja að. Ferðamenn sækja í fjölbreytta afþreyingu á þessum tíma, þeir fara meðal annars í íshella sem ekki er mögulegt á sumrin og er verið að markaðssetja Norðurland sem sérstakan vetraráfangastað. Margir kjósa að fara í skipulagðar rútuferðir yfir landið til þess að fara sér ekki að voða á bílaleigubílum.

### Markaðsvinna skilað árangri

Þessi fjölgun ferðamanna og aukning í kortaveltu þeirra hefur ekki gerst af sjálfu sér. Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu, bendir á að á síðustu árum hafi fyrirtæki farið að vinna undir hattinum Ísland allt árið og sá fókus skýri meðal annars þróunina.

„Við bárum saman árið 2012 hvernig árstíðasveiflan var á Norðurlöndum og vorum þá í fimmta sæti, en 2015 vorum við komin í annað sæti yfir sem minnsta árstíðarsveiflu. Þetta er að gerast rosalega vel, og þetta eru rosalega jákvæð merki. Nú er ferðaþjónustan orðin að heilsárs atvinnugrein,“ segir Inga Hlín.

Hún bendir á að nú sé Ísland vitaskuld komið á kortið sem áfangastaður og að innviðir í tengslum við flug hafi batnað mikið. „Flugfélögin íslensku eru að bjóða upp á fleiri flugleiðir. Það eru meiri möguleikar fyrir söluaðila og ferðamenn til að bóka sig til landsins sem var ekki áður. Allt þetta hefur áhrif á hvert við erum komin. Við erum í tísku, þetta er áfangastaður sem fólk langar til að heimsækja. Það er á lista hjá fólki að það langi til að koma, en á móti kemur að við á Íslandi verðum að halda rosa vel utan um þetta því að það gæti auðveldlega breyst,“ segir Inga Hlín.

„Við erum með samkeppni við erlenda söluaðila og flugfélög að fljúga til landsins og halda athygli ferðamannsins að koma hingað.

> **Þetta er að gerast rosalega vel, og þetta eru rosalega jákvæð merki. Nú er ferðaþjónustan orðin að heilsárs atvinnugrein**
>
> Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu



> **Við eigum heilmikið inni úti á landi, en árstíðasveiflan er því meiri því lengra sem maður fer frá höfuðborginni.**
>
> Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF



> **Vetrarferðamenn eru að koma í mun styttri ferðir en þeir sem koma á sumrin og eru að koma til að upplifa íslenska veturinn og borgina í sinni vetrarfegurð.**
>
> Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, framkvæmdastjóri Gray Line á Íslandi



Þetta skiptir alveg rosalega miklu máli í umræðunni núna. Gengi krónunnar skiptir máli, og getur haft áhrif, en ímynd og orðspor okkar skiptir miklu máli. Það að þessir innlendu og erlendu aðilar haldi áfram að selja ferðirnar, og að ferðamaðurinn fari héðan ánægður.“

### Tækifæri úti á landi

Inga Hlín bendir á að mikil tækifæri séu í uppbyggingu fleiri áfangastaða en Reykjavíkur og gullna hringsins, til að mynda Norðurlands. „Það er gríðarlega ánægjulegt að sjá nýtt flug Flugfélags Íslands frá Keflavík til Akureyrar. Flugið mun örugglega skila sínu. Það eru gríðarleg tækifæri í að byggja það upp. Norðurland er rosalega tilbúið í veturinn, það er allt til staðar til að byggja þann áfangastað upp. Dettifoss er ekki síðri en Gullfoss, en við þurfum að byggja upp innviði þar.“

„Við megum líka ekki gleyma að það er mjög mikið nú þegar til staðar. Norðurlandið er með jólasveina, skíðasvæði, jarðböð og norðurljós,“ segir Inga Hlín. Hún segir Íslandsstofu þó fara varlega með norðurljósin. „Við lofum þeim ekki og þau hafa ekki verið lykillinn í okkar markaðssetningu.“

## Ísland eins og tvö lönd

„Ég myndi segja að það væri í raun tvö lönd í boði vetrar-Ísland og sumar-Ísland. Að vera á Íslandi á veturna og á sumrin er eins og að vera á tveimur mismunandi plánetum. Mjög margir koma um sumarið og svo aftur um veturinn eða öfugt og eru að upplifa þessar miklu andstæður sem ríkja,“ þetta segir Ragnheiður Harpa Haraldsdóttir, starfsmaður í markaðsdeild hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Arctic Adventures.

Ragnheiður segir að það sé mjög mismunandi afþreying í boði annars vegar á sumrin og hins vegar á veturna. „Það sem við erum aðallega að vinna með núna eru íshellaferðir og jöklaferðir og norðurljósaferðir. Norðurljósin eru í gangi núna þegar þau ákveða að sýna sig. Á sumrin eru íshellarnir ekki aðgengilegir og þá bjóðum við ekki upp á þær ferðir, né flúðasiglingaferðir eða Laugavegsgöngur. En svo eru ferðir sem er alltaf hægt að fara í eins og yfirborðsköfun (e. snorkelling) milli flekaskilanna,“ segir Ragnheiður.

Hún segir ferðamenn sérstaklega sækja í margra daga ferðir á veturna þar sem keyrsla er innifalin. „Það að kunna að keyra í snjó er ekki endilegra allra og mjög margir hafa heyrt sögur um hvað það er erfitt og vilja þá fara í ferðir þar sem er keyrt fyrir þá. Við erum að fara nánast út um allt á landinu,“ segir Ragnheiður.

Hún segir að mismunandi þjóðerni sæki oft í mismunandi ferðir. „Það fer eftir því hvernig týpa ferðamaðurinn er. Sumar ferðir eru skiptar eftir þjóðernum. Íshellarnir eru sérstaklega vinsælir hjá ferðamönnum frá Asíu. Það eru allir að fara í norðurljósaferðirnar, en kannski minnst Kanadabúar sem sjá norðurljósin heima hjá sér.“

### Brexit ekki haft áhrif enn

Bretar eru stærsti hópurinn sem heimsækir Ísland á vetrarmánuðunum. Samkvæmt tölum Ferðamálastofu voru þeir 36 prósent gesta síðasta vetur. Inga Hlín segir að í þessu samhengi þurfi að hafa gengismálin í huga. „En við höfum gengið í gegnum margt þar, Ísland er þekktara en þegar við höfum tekið dýfu áður. Það mun hafa áhrif og margir höfðu áhyggjur af Brexit en við sjáum 20 til 30 prósent aukningu frá Bretlandi á næsta ári. Það er farið að hafa áhrif að sjálfsögðu en við höfum eggin í fleiri körfum, við erum með breiðari hóp. Við verðum líka aldrei ódýr áfangastaður og eigum ekki að vera það í mínum huga.“

### Vöxturinn mestur á veturna

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir það mjög jákvætt að hin mikla fjölgun ferðamanna síðastliðin ár hafi verið að mestu utan háannar. „Við sjáum að vöxturinn á næsta ári samkvæmt spá Isavia verður fyrst og fremst yfir vetrarmánuðina og það hefur náðst góður árangur í að minnka þessa árstíðasveiflu. Það hefur það í för með sér að atvinnugreinin í heild sinni er orðin sterkari og búin að festast í sessi sem heilsársatvinnugrein. Auðvitað skiptir það miklu máli, sér í lagi hvað varðar styrkingu innviða, og aukna framleiðni og starfsemi um allt land.“

Vetrarferðamennskan hefur náð lengra á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi og rétt utan við það en við erum að sjá aukningu um allt land. Það gerist hægar, en þetta er allt að koma. Þetta eru mjög jákvæð teikn. Við eigum heilmikið inni úti á landi, en árstíðasveiflan er því meiri því lengra sem maður fer frá höfuðborginni,“ segir Helga.

### Þarf að styðja við vegakerfið

Hún segir innviðauppbyggingu, sér í lagi hvað varðar vegakerfið, mjög mikilvæga til að viðhalda vexti í vetrarferðamennsku. „Ef við ætlum að tryggja það að ferðamenn fari víðar þá verður vegakerfið að standa undir því, og það verður að tryggja mokstur og annað viðhald vegakerfisins. Það verður til dæmis erfitt að fjölga ferðamönnum fyrir norðan ef menn komast ekki að ferðamannastöðum eins og Dettifossi.“

### Áramótin fullbókuð á hótelum

Hótelnýting hefur verið góð í vetur, jólatíðin er vinsæl en áramótin á Íslandi sem hafa verið vinsæl meðal ferðalanga í mörg ár virðast halda sínum sessi að minnsta kosti hjá hótelum í rekstri Icelandair hótela. „Nýting hefur verið mjög góð það sem af er vetrar og desembermánuður jafnframt vel bókaður. Varðandi hátíðarnar þá hafa áramót verið fullbókuð marga mánuði fram í tímann, en við eigum enn einhver herbergi laus yfir jólin. Þau eru þó mun betur bókuð en áður, og við með margþætta veitingaþjónustu yfir hátíðarnar sem spennandi er fyrir erlenda ferðamenn að njóta,“ segir Hildur Ómarsdóttir, forstöðumaður markaðsmála og viðskiptaþróunar Icelandair hótela.

„Nýjasta hótel félagsins, Canopy

# GEFA OG LÁTA GOTT AF SÉR LEIÐA

Það verður hátíðleg stund í **Fríkirkjunni í Reykjavík** í hádeginu á morgun þegar jólatónleikarnir Hátíðarstund verða haldnir. Tónleikarnir verða til styrktar Bráðamóttöku Landspítalans og er Lilja Eggertsdóttir stjórnandi þeirra.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Árlegir jólatónleikar tónleikaraðarinnar Á ljúfum nótum verða haldnir á morgun í Fríkirkjunni. Tónlistarkonan Lilja Eggertsdóttir hefur haft veg og vanda af tónleikaröðinni sem byrjaði árið 2012 og eru tónleikar haldnir í Fríkirkjunni í hádeginu aðra hverja viku. Að þessu sinni er yfirskrift jólatónleikanna Hátíðarstund og eru þeir til styrktar Bráðamóttöku Landspítalans. Allir sem koma fram á jólatónleikunum gefa vinnu sína.

„Mér datt í hug að hafa lokatónleika í lok hvers árs og hafa þá styrktartónleika fyrir eitthvert gott málefni. Þetta verður í fjórða skiptið sem ég styrki Landspítala, í fyrra var það Bráðamóttaka Hjartagáttar sem fékk styrk og núna verður það Bráðamóttaka Landspítala. Það er mikil þörf þar og ýmislegt sem vantar. Þar liggur fólk oft inni í einhvern tíma en það er ekkert við að vera inni á herbergjunum, hvorki sjónvarp né annað. Svo er bráðamóttakan líka deild sem snertir okkur öll, flestir hafa þurft að leita þangað einhverju sinni,“ segir Lilja og bætir við að hana langi til að safna fyrir ákveðnu tæki sem er notað til þess að finna æðar í sjúklingum þegar þeir þurfa á blóðgjöf að halda í snatri.

Jólatónleikarnir eru stærstu tónleikarnir í tónleikaröðinni Á ljúfum nótum og mega gestir þeirra eiga von á alls kyns jólalögum úr ýmsum áttum. „Þetta verður algjört bland í poka, íslensk og erlend lög. Allt frá háklassískum og hátíðlegum lögum til amerískra standarda og alls konar inn á milli, svo sem sænskt jólalag. Lögin eru valin í samráði við einsöngvarana, þau Hönnu Dóru Sturludóttur mezzosópran, Einar Clausen tenór og Ágúst Ólafsson barítón, og er þetta mikið af þeirra uppáhaldsjólalögum,“ lýsir Lilja og nefnir aðspurð að hennar uppáhaldsjólalög séu mörg, til dæmis er Have yourself a merry little Christmas með Judy Garland eitt þeirra. „Það er voða fallegt og hátíðlegt.“

Á jólatónleikunum koma fram strengjaleikarar og þverflautuleikari auk þess sem Lilja spilar sjálf á píanóið og stjórnar tónleikunum. „Svo verður þarna líka Kvennakórinn Heklurnar og auðvitað einsöngvararnir þrír. Það er alltaf góð stemning sem myndast þarna í hádeginu og þetta verða virkilegir stórtónleikar á morgun.“

Lilja segist sjálf vera mjög mikið jólabarn og hefur því gaman af þessari hefð sem jólatónleikahaldið er orðið að. „Það er svo gott að gefa og láta gott af sér leiða. Svo syng ég alltaf í miðnæturmessu á aðfangadag í Grafarvogskirkju, mér finnst það voða hátíðlegt þannig að það er alveg fastur liður og alltaf ljúf stund.“

Jólatónleikarnir verða í Fríkirkjunni í Reykjavík á morgun, hefjast klukkan tólf og taka um 45 mínútur. Frekari upplýsingar má finna á síðu tónleikaraðarinnar Á ljúfum nótum á Facebook.



**Það verður væntanlega góð stemning í Fríkirkjunni þegar Hátíðarstund verður haldin þar í hádeginu á morgun.**



**Lilja Eggertsdóttir, stjórnandi tónleikanna, ásamt þeim Rögnu Gústafsdóttur deildarstjóra og Rögnu Maríu Ragnarsdóttur aðstoðardeildarstjóra á Bráðamóttöku Landspítala.** MYND/VILHELM



**Þau Lilja Eggertsdóttir píanóleikari, Einar Clausen tenór, Hanna Dóra Sturludóttir mezzosópran og Ágúst Ólafsson barítón koma öll fram á tónleikunum á morgun.**

Hátíðarstund
í Fríkirkjunni í Reykjavík

Jólatónleikar til styrktar Bráðamóttöku Landspítalans
fimmtudaginn 8. desember kl. 12

Hanna Dóra Sturludóttir, mezzosópran
Einar Clausen, tenór
Ágúst Ólafsson, barítón

Kvennakórinn Heklurnar
ásamt hljómsveit

Miðasala á tix.is og við innganginn







Skatan er komin á Sjávarbarinn!



Erum byrjuð að framreiða ilmandi skötu með öllu tilheyrandi.
Alla daga fram að jólum.

Afsláttur fyrir hópa.
Pantanir í síma 517 3131 og 696 5900.

2 FYRIR 1
Skötuveisla 3.600 kr. fyrir tvo til og með 16.des.
Klipptu flipann út og taktu með þér.

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is

# LYFTI SAMFÉLAGINU UPP Á ANNAÐ PLAN

Jólatrésskemmtanir **Duusverslunar** í Keflavík á árunum um 1900 til 1920 voru hápunktur ársins fyrir marga íbúa, sérstaklega af yngstu kynslóðinni. Þar sáu mörg börn jólatré í fyrsta sinn, fengu góðar veitingar og leikföng í veislulok. Á sunnudaginn ætlar Reykjanesbær að endurvekja þennan fallega sið og halda jólatrésskemmtun í Bryggjuhúsi Duushúsa.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is





Bryggjuhúsið, sem er elsti hluti Duushúsalengjunnar, var byggt sem pakkhús 1877. Jólatrésskemmtunin verður haldin þar næsta sunnudag milli kl. 15 og 16. MYND/REYKJANESBÆR

Frá aldamótunum 1900 og næstu tvo áratugi þar á eftir héldu eigendur Duusverslunar í Keflavík árlegar jólatrésskemmtanir fyrir börnin í þorpinu. Jafnan er talað um þessar skemmtanir sem einhverjar þær alrómuðustu sem farið hafa fram í Keflavík fyrr og síðar en þar sáu mörg barnanna m.a. jólatré í fyrsta sinn, fengu veitingar af bestu sort og leikföng í veislulok. Næsta sunnudag ætlar Reykjanesbær að endurvekja þennan gamla og fallega sið og halda jóla-trésskemmtun í Bryggjuhúsi Duushúsa.

Guðlaug María Lewis, fræðslufulltrúi menningarmála hjá Reykjanesbæ, segir hugmyndina hafa kviknað á starfsmannafundi hjá þeim starfsmönnum sem starfa við Duus Safnahús, þegar jólin voru til umræðu. „Okkur langaði til að brydda upp á sérstakri jóladagskrá fyrir fjölskyldur. Þá kom upp þessi hugmynd hvort við gætum mögulega tengt hana beint við þessi gömlu hús, þannig að í henni væri þá falin dálítil fræðsla um leið. Bryggjuhúsið, sem er elsti hluti Duushúsalengjunnar, var byggt sem pakkhús 1877 og var í eigu Duusverslunarinnar sem rak hér mikið verslunarveldi á þessum árum. Við vissum að á þessum tíma voru haldnar jólatrésskemmtanir fyrir bæjarbúa í húsinu og ákváðum að dusta rykið af þeirri sögu og í raun að endurvekja hana.“



**Guðlaug María Lewis er fræðslufulltrúi menningarmála hjá Reykjanesbæ.**

## Í GÖMLUM STÍL

Eðli málsins samkvæmt voru jólatrésskemmtanirnar mjög vinsælir viðburður á sínum tíma enda sóttu þær allir sem vettlingi gátu valdið. „Í heimildum segir t.d. að um 300 manns hafi verið á skemmtuninni árið 1905. Upp frá því var hún flutt í stærsta húsið í bænum sem var Bryggjuhúsið en ekki er vitað nákvæmlega hvar skemmtanirnar voru haldnar í upphafi. Skemmtunin hófst kl. 17 og stóð yfir fram til miðnættis en þá hófst ball fyrir fullorðna sem stóð yfir til morguns. Þetta var alvöru hér í denn. Jólaballið okkar verður þó ekki alveg jafn umfangsmikið og í gamla daga heldur haldið á milli kl. 15 og 16.“

Og þau ætla að gera sitt besta til að rifja upp stemninguna sem ríkti hér fyrir um 100 árum. „Við hófum undirbúning um síðustu helgi með því að bjóða upp á jólaföndur. Þar voru útbúnar skreytingar í salinn þar sem jólaballið verður haldið, m.a. kramarhús, jólahjörtu til að hengja á jólatré auk músastiga sem hengdir voru í loftin.“

Húsið er því því skreytt hátt og lágt með gamaldags jólaskrauti, dansað verður í kringum jólatréð og klassískir íslenskir jólasöngvar sungnir við píanóundirleik. „Svo fáum við auðvitað í heimsókn tvo af gömlu íslensku jólasveinunum. Það er aldrei að vita hverju þeir geta tekið upp á þegar þeir fá að leika lausum hala. Þá verður fróðleikur um gömlu jólatrésskemmtanirnar settur fram þannig að fólk geti sagt börnunum sínum frá þessum tíma.“

## GLEYMUM JÓLABRJÁLÆÐINU

Upphaf jólatrésskemmtananna má rekja til Ásu Olavsen, sem var dönsk eiginkona Ólafs Olavsens, forstjóra Duusverslunar. Einn sunnudaginn um sumar bauð hún börnunum í Keflavík heim í hús sitt, Fischershús. „Þar bauð hún upp á ýmsar kræsingar auk þess sem dansað var undir tónlist frá lírukassa. Þegar hún kvaddi börnin sagði hún þeim að hún myndi muna eftir þeim næstu jól en þá var börnunum boðið í fyrstu veisluna. Þá var Ása búin að skreyta sal en á miðju gólfinu stóð fallegt jólatré skreytt fallegu skrauti og litlum leikföngum sem skipt var á milli barnanna þegar veislunni lauk.“

Guðlaug segist ímynda sér að jólatrésskemmtanirnar áður fyrr hafi haft svipuð áhrif og Ljósanótt gerir í dag, hreinlega lyft samfélaginu upp á annað plan. „Það segir sig nánast sjálft að á þessum tímum þar sem skortur var nokkur og íburður enginn hefur þetta svo sannarlega verið upplyfting í skammdeginu og eitthvað til að hlakka til. Í dag, þegar við erum vön svo miklu tilstandi í kringum jólin, miklum glamúr og mikilli neyslu, langar okkur hins vegar að horfa til baka og tóna hlutina aðeins niður og halda bara einfalda, litla jólaskemmtun þar sem hægt er að koma saman í fallegu gamaldags umhverfi í stutta stund, dansa í kringum jólatré og syngja saman og reyna að finna hinn sanna jólaanda og gleyma jólabrjálæðinu um stund.“

Jólatrésskemmtunin verður í Bryggjuhúsi Duus Safnahúsa í Reykjanesbæ sunnudaginn 11. desember milli kl. 15 og 16. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir og aðgangur er ókeypis.



Síðasta jólatrésskemmtunin í Bryggjuhúsinu var haldin fyrir jólin 1920. Þessi mynd er talin sú eina sem til er af þeim skemmtunum. MYND/BYGGÐASAFN REYKJANESBÆJAR

lifestream
NUTRITION TO LIVE BY

ALOE VERA óblandað, 99,7% hreinn safi
úr innsta kjarna plöntunnar ekkert vatn, engin sykur.

ALOE BERRY hreinn safi með sólberjum.

Safinn er unnin úr innsta geli laufsins sem er virkasti hluti plöntunar. Því er safinn fullkomlega tær, ekkert beisk eftirbragð.

Sólber eru rík af andoxunar efnum C vítamíni góð fyrir sjónina, minnið og aukna getu.




MEÐMÆLI NOTENDA.
"Heilsan, húðin, meltingin og almenn vellíðan hefur aldrei verið betri. Undraverður aloe vera safi"

Lifestream fæst í Hagkaup, Nettó, Fjarðarkaup, Melabúðinni, Græn heilsa og apótekum | celsus.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND
www.smartboutique.is
Sími 551 1040
Opnunartímar
Mánud.-föstud 10 – 18
Laugardag 10 – 17
Sunnudag 12– 17
Smart Boutique
Fjörður Hafnarfirði - www.smartboutique.is
SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND
www.smartboutique.is
120 litir og 150 tegundir af leðurhönskum
enginn er með meira úrval en við.
Fallegar jólagjafir
á góðu verði
Okkar vönduðustu leðurhanskar
Samblanda af mjúku lambaleðri og íslensku roði
Íslensk hönnun Verð frá 14.900 kr
Vinsælasta Jóllatilboðið okkar
Refaskott og leðurhanskar
Stutt skott og hanskar 9.900 kr
Langt skott og hanskar 12.490 kr
Leðurbelti og hanskar
Jólatilboð 6.950 kr
Seðlaveski og leðurhanskar
Jólatilboð 9.900 kr
Refahúfur í miklu úrvali
Verð frá 34.900 kr
Fallegur trefill og
leðurhanskar,
margir litir í boði
Jólatilboð 5.490 kr.
120 litir af
leðurhönskum verð frá
Aðeins 3.450 kr.
parið
Hvergi meira úrval af dömu og herra leðurhönskum






Hraðréttur dagsins í hádeginu alla virka daga 1.690.- kr



Sunnudjass alla sunnudaga kl 20.00
Heimsklassa Djass með frábærum tónlistarmönnum í bruggsalnum okkar.
Allir velkomnir - enginn aðgangseyrir

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS


# ÞRJÁR KLASSÍSKAR SMÁKÖKUSORTIR

Þá hefð að baka **smákökur** fyrir jólin má rekja til fyrri hluta tuttugustu aldar. Aðgangur að betra hráefni, betri ofnar og nýjar matreiðslubækur leika þar stórt hlutverk. Hér eru þrjár sígildar sortir.

Smákökubakstur hefur löngum verið hefð á íslenskum heimilum fyrir jólin. Sumir láta sér nægja að baka eina eða tvær sortir meðan aðrir virðast líta á smákökubaksturinn sem keppnisíþrótt og raða hverri sortinni á fætur annarri ofan í fallega skreytt kökuboxin.

En hvaðan kemur þessi hefð? Í svari Dr. Árna Björnssonar á Vísindavef Háskóla Íslands segir að þrír þættir hafi hvað mest að segja um þróun smákökubaksturs á Íslandi sem hófst á fyrri hluta tuttugustu aldar.

Fyrst má nefna að ýmis ný efni til kökugerðar fóru að berast í verslanir á síðustu áratugum 19. aldar. Til dæmis hveiti og annað mjöl, dropar og krydd. Ungu konurnar um aldamótin urðu brauðryðjendur á sviði smákökugerðar og lögðu metnað sinn í að baka sem flestar sortir.

Í annan stað voru eldavélar orðnar almenn eign á fyrstu áratugum aldarinnar. Mikið auðveldara var að baka í þeim en á hlóðum sem áður var eini kosturinn. Mikla aðgæslu þurfti við bakstur á hlóðum og því þótti það mikið frelsi að geta notað bakaraofninn. Þá má einnig nefna matreiðslubækur en nokkrar slíkar með uppskriftum að kökum og tertum komu út á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Algengust var Kvennafræðarinn eftir Elínu Briem.

Þær smákökur, kökur og tertur sem oftast eru nefndar í gömlum íslenskum matreiðslubókum eru gyðingakökur, piparkökur, hálfmánar, vanilluhringir, kanelhringir, umslög, jólakaka, sódakaka, sandkaka, marmarakaka, vínarterta, sírópsterta og brúnterta auk kleina og pönnukaka. Uppskriftir að þessum kökum má einnig finna víða á netinu líkt og þær sem hér fylgja.



Það heyrir til á nær hverju heimili að baka smákökur fyrir jólin.

## VANILLUHRINGIR

**500 g hveiti**
**375 g smjör**
**250 g sykur**
**1 egg**
**½ tsk. hjartarsalt**
**2 tsk. vanilludropar**

Hnoðið allt deigið saman og geymið í kæli í nokkrar klukkustundir eða yfir nótt. Bakað við 180°C á neðstu rim í ofni í 6-10 mínútur eða þar til rétt byrjaðar að taka lit.



Vanilluhringir

## HÁLFMÁNAR

**500 g hveiti**
**300 g smjör/smjörlíki**
**250 g sykur**
**1 egg**
**tæp tsk. hjartarsalt**
**vanilludropar**

Hnoðið öllum innihaldsefnunum saman. Fletjið út og skerið út hringi, setjið ½ tsk. af sultu í miðjan hringinn, athugið að ef þið setjið of mikið springur kakan. Leggið hringinn saman þannig að hann myndi hálfmána. Leggið hálfmánana á bökunarpappír og þrýstið niður hliðunum með fingrunum eða gaffli. Penslið kökurnar með eggi og bakið við 200 gráður í um tíu mínútur, eða þar til þær eru orðnar ljósbrúnar.



Hálfmánar

## GYÐINGAKÖKUR

**425 g eða rúmlega 8 dl hveiti**
**1 tsk. hjartarsalt**
**150 g (rúml. 1 dl) sykur**
**200 g smjör**
**2 lítil egg**
**1 tsk. kardimommudropar**
**2 eggjahvítur**
**100-150 g saxaðar möndlur**
**1 dl perlusykur**

Setjið hveiti, hjartarsalt og sykur í skál, myljið smjörið út í. Setjið síðan eggin saman við ásamt kardimommudropum. Hnoðið samfellt deig. Geymið á köldum stað í 1-2 klst.
Fletjið deigið mjög þunnt út, stingið út kringlóttar kökur með glasi. Raðið á bökunarpappír á bökunarplötu.
Setjið eggjahvíturnar á disk og sláið sundur með gaffli svo að örlítil froða myndist.
Blandið saman möndlum og sykri. Penslið kökurnar með eggjahvítunni alveg út á brúnir, stráið síðan möndlu/sykri ofan á.
Bakið við 180 gráður í um 10 mínútur eða þar til kökurnar hafa aðeins tekið lit.



Gyðingakökur

# MIKIÐ ÚRVAL FALLEGRA LEGSTEINA Á MJÖG GÓÐU VERÐI

FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
GETUM ENN AFGREITT LEGSTEINA FYRIR JÓL


NR. 116-5
VERÐ KR. 209.000


NR. 2042
VERÐ KR. 178.900


NR. 2046
VERÐ KR. 251.900


NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 245.900


NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 325.900


NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 285.900


NR. 2021
VERÐ KR. 294.900


NR. GS 1002
VERÐ KR. 589.000


NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 305.900


NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 395.900

## ÁLETRUN OG UPPSETNING ERU INNIFALIN Í OKKAR VERÐUM

AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖF UÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## Varahlutir




# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.




# HEIMILIÐ

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**

óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

115 SECURITY

**JÓLAGÆSLA**

Skilyrði:

-Hreint sakavottorð

-Íslenskukunnátta

-Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is







## í jólapakkann



## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
## Heimildir um veitinga- og gististaði

Þann 1.desember 2016 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, er varða heimildir um veitinga- og gististaði. Breytingartillögur munu fela í sér nauðsynlega uppfærslu á ákvæðum aðalskipulagsins, vegna gildisstöku breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Einnig er fyrirhugað að gera ýmsar breytingar og lagfæringar á stefnuákvæðum um veitinga- og gististaði, sem æskilegt er að gera í ljósi reynslunnar af framfylgd gildandi ákvæða og vegna mögulegra áhrifa nýrra lagaákvæða.
Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá adalskipulag.is). Aðgengi að lýsingu er einnig á reykjavik.is/skipulag í kynningu
Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri á netfangið skipulag@reykjavik.is fyrir 11. janúar 2017. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.k.**

### Skipholt 27
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. nóvember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 24. nóvember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 27 við Skipholt. Í breytingunni felst hækkun á framhúsi um eina hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Byko-reitur, 1.138
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. nóvember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 24. nóvember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Byko-reits, reitur 1.138 sem afmarkast af Hringbraut, Framnesvegi og Sólvallagötu. Helstu breytingar eru að skilgreina fjölda íbúða samkvæmt AR 2010-30, skilgreina landnotkun í samræmi við stefnu í AR 2010-30 um aðalgötur ásamt hækkun á hæðarkvóta. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Reykjavíkurflugvöllur, flugvallargeiri 4
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23. nóvember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. desember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst stækkun á flughlaði við Flugskýli 4. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Fiskislóð 31
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23. nóvember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. desember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðarinnar nr. 31 við Fiskislóð. Í breytingunni felst breytingu á hámarksnýtingarhlutfalli lóðar úr 0,6 í 1,0. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Auglýsing um tillögur að nýju deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Eiðsgrandi – Ánanaust
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. nóvember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. desember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi strandsvæðis Eiðsgranda - Ánanaustar. Skipulagssvæðið er um 5,5 hektarar og er eitt stærsta græna svæðið í Vesturbænum og hefur mikið gildi sem útivistarsvæði og er eitt af markmiðum skipulagsins að bæta möguleika til útivistar allt árið um kring. Einnig felst m.a. í tillögunni að bæta grjótvarnargarðinn til að tryggja öryggi og að setja inn í skipulag aðgreinda göngu- og hjólastíga. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Breiðholtsbraut, göngubrú
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23. nóvember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. desember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi opins svæðis milli Seljahverfis og Efra Breiðholts þar sem er lagt til að gerð verði göngubrú yfir Breiðholtsbraut ásamt viðeigandi göngu- og hjólatengingum um skipulagssvæðið. Göngubrú mun bæta til muna tenginu og umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfaranda á leið milli hverfanna. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 7. desember 2016 til og með 23. janúar 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 23. janúar 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 7. desember 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Grettisgata 13
**2ja herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel staðsett 51,3 fm. íbúð á 1. hæð í góðu steinsteyptu húsi við Grettisgötu. Mikil lofthæð er í íbúðinni og sameiginleg frágengin hellulögð lóð með 5 öðrum íbúðum. Inngangur er sameiginlegur með tveimur öðrum íbúðum í þessum hluta hússins. Íbúðin er laus til afhendingar strax. **Verð 24,9 millj.**

### Hnoðravellir 4 - Hafnarfirði
**Nýtt raðhús**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Einstaklega vel skipulagt og vandað 202,0 fm. staðsteypt raðhús á einni hæð með innbyggðum 33,9 fm. bílskúr. Verulega aukin lofthæð er í stórum hluta hússins. Gólfsíðir gluggar í stórum hluta húss og gert er ráð fyrir extra háum innihurðum. Gólfhitakerfi er í öllu húsinu og 3 baðherbergi. **Húsið skilast fullfrágengið að utan með fullfrágenginni lóð og að innan skilast húsið málað og tilbúið undir innréttingar. Verð 57,9 millj.**




Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



## Erlendir ferðamenn á Íslandi

**Heimild:** Ferðamálastofa




* Samkvæmt farþega spá Isavia

Reykjavík, hefur verið nánast fullbókað frá opnun 1. júlí, sem sýnir okkur jafnframt að ferðamenn hafa ekki síður áhuga á betri gistivalmöguleikum og eru tilbúnir að borga hærra verð og þiggja betri þjónustu. Þetta eru mikilvæg skilaboð til ferðaþjónustu hér á landi og þeirra sem vinna að áframhaldandi uppbyggingu um að við eigum að horfa til þess að auka almennt gæði og afkomu ferðaþjónustu með hækkun verðlags, í stað þess að einblína eingöngu á fjöldatölur,“ segir Hildur.

### Flug til Akureyrar mikilvægt

Hótelin úti á landi hafa þó ekki notið góðs af fjölgun yfir veturinn á sama hátt.

„Landsbyggðarhótel hafa þó ekki enn náð sömu toppnýtingu yfir vetrarmánuði líkt og í Reykjavík, nema þá helst á Suðurlandi þar sem við erum að sjá mjög góða nýtingu allt árið um kring. Því er mikilvægt að efla markaðssetningu vetrar á landsbyggðinni umfram höfuðborgina, og efla samgöngur beint frá Keflavík. Einn mikilvægur liður í þessu átaki er beint flug Flugfélags Íslands frá Keflavík norður á Akureyri, sem hefst núna í febrúar og við bindum miklar vonir við fyrir Norðurland, sem er auðvitað frábær áfangastaður fyrir þá sem vilja upplifa íslenska náttúrufegurð að vetri til,“ segir Hildur.

### Fjórfalt fleiri bókaðir í ár

Vinsældir Íslandsferða um áramótin endurspeglast í því að fjórfalt fleiri eru bókaðir í áramótaferðir Gray Line en í fyrra. „Það er mjög mikil fjölgun í ferðirnar okkar milli ára og við erum að bjóða upp á nýjungar og nýjar ferðir. Við finnum mikla aukningu á vetrarferðamennskunni í ár miðað við í fyrra. Við sjáum þetta á okkar ferðum og á áhuga á jólaferðum og áramótaferðum okkar,“ segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri Gray Line á Íslandi.

„Vetrarferðamenn eru að koma í mun styttri ferðir en þeir sem koma á sumrin og eru að koma til að upplifa íslenska veturinn og borgina í sinni vetrarfegurð og náttúruna í vetrarfegurðinni. Gullfoss og Geysir eru allt öðruvísi á veturna en á sumrin,“ segir Þórdís Lóa.

### Vöruþróun mikilvæg

Hún segir ferðamenn mjög duglega að nýta sér afþreyinguna sem ferðaþjónustuaðilar bjóða upp á. „Þess vegna sjáum við mikla aukningu hjá okkur milli ára.“ Hún segir að aukningin sé um allt land en þó sé langstærsti hópurinn á Reykjavíkursvæðinu og á Suðurlandi. Hún segir mjög mikilvægt að vera í stöðugri vöruþróun til þess að mæta þörfum þessa hóps.

„Það er mikilvægt fyrir okkur ferðaþjónustuaðilana að vera í stöðugri vöruþróun og mæta mismunandi þörfum mismunandi ferðamanna. Þeir eru breytilegir og við þurfum að vera með mikla og fjölbreytta afþreyingu í boði sem mætir þeirra þörfum. Game of Thrones ferðirnar okkar eru til dæmis dæmi um öðruvísi vöru sem að við sáum ekki fyrir okkur fyrir fimm til tíu árum.“












Nýsköpun



**Þórður Bjarnason**
framkvæmdastjóri
Elf Tech

## Hlustað á norðurljósin

Íslenska sprotafyrirtækið Elf Tech hefur þróað vöruna Aurorafy sem gerir notandanum kleift að hlusta á norðurljósin. Vinsældir norðurljósaferða hafa aldrei verið meiri og í nýrri skýrslu Ferðamálastofu eru norðurljósin tilgreind sem minnisstæðasta upplifun ferðamanna yfir vetrartímann á Íslandi. Aurorafy auðgar upplifunina af norðurljósunum og skapar þannig enn ógleymanlegri upplifun með því að tvinna saman ljósadýrðina á himninum og heillandi hljóðheim.

Móttökubúnaður sem festur er á ökutæki sendir þráðlaust hljóðmerki í heyrnartól og heyrist það í rauntíma. „Við nemum ljós á annarri bylgjulengd en þeirri sýnilegu og ummyndum það beint í hljóð, án þess að eiga frekar við merkið,“ útskýrir Kristján Klausen tæknistjóri og annar tveggja stofnenda Elf Tech. Kristján er meistaranemi í eðlisfræði með grunn í jarðeðlisfræði og hefur starfað hjá Íslenskum orkurannsóknum og Veðurstofu Íslands samhliða námi. Framkvæmdastjóri Elf Tech og stjúpbróðir Kristjáns er Þórður Bjarnason sem á langan feril að baki í ferðaþjónustu og rekstri.

Elf Tech er eitt af sjö fyrirtækjum sem valin voru til þátttöku í viðskiptahraðlinum Startup Energy Reykjavík 2016. „Við höfum fengið mikinn meðbyr og góða leiðsögn ásamt því að kynnast frábæru fólki með þátttöku okkar í Startup Energy Reykjavík,“ segir Þórður.

Áætlað er að um milljón ferðamenn komi til Íslands yfir norðurljósatímabilið í ár og að rúmur þriðjungur þeirra greiði fyrir norðurljósaferð. Norðurljósin eða aurora borealis eru sýnileg í grennd við heimskautsbauginn í löndum á borð við Noreg, Svíþjóð, Finnland og Kanada. Ljósin eru einnig sýnileg á suðurhveli jarðar en bera þá nafnið aurora australis og sjást í Suður-Ástralíu og löndum á borð við Nýja-Sjáland, Chile og Argentínu.

Aurorafy kemur á markað haustið 2017 sem viðbót við skipulagðar norðurljósaferðir á jeppum eða rútum. Kristján og Þórður sjá jafnframt fyrir sér að varan Aurorafy geti auðgað norðurljósaupplifun ferðamanna sem ferðast á eigin vegum um Ísland og leigja bíla, gista á hótelum eða jafnvel með heimsóknum í baðlaugar með því að nota vatnsheld heyrnartól.

Hægt er að hlusta á tóndæmi og fylgjast með framvindu Aurorafy á Facebook-síðunni https://www.facebook.com/AurorafyIceland.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í gegnum www.aurorafy.is.

## Einir í heiminum



Iðnaðarmaður heldur störfum sínum áfram í íbúðahverfi í Sjanghæ í Kína. Skuldir kínverskra heimila hafa rokið upp undanfarin misseri þar sem fasteignaverð hefur tekið stökk. Greiningaraðilar telja að niðursveifla gæti valdið miklu sjokki í öðru stærsta hagkerfi heims. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Uppsveifla Trumps gæti vel verið afstaðin fyrir páska



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Eitt sem er sérlega hrífandi í hagfræðinni er mikilvægi væntinganna. Neytendur og fjárfestar eru yfirleitt framsýnir og það þýðir að breytingar á hagstefnu hafa oft áhrif jafnvel áður en þær koma til framkvæmda.

Dæmi um þetta eru væntingar um breytingar á peningamálastefnu. Þannig er almennt búist við að Seðlabanki Bandaríkjanna muni hækka stýrivexti um 0,25 prósent í næstu viku. Þetta þýðir að ef við lítum á markaðina þá hefur stýrivaxtahækkunin þegar að miklu leyti verið tekin inn í verð á gjaldeyris-, skuldabréfa- og hlutabréfamörkuðunum. Þetta þýðir að seðlabankinn hefur í raun nú þegar hert peningamálastefnuna, sem þýðir líka að væntanleg vaxtahækkun í næstu viku hefur nú þegar áhrif á bandaríska hagkerfið.

Það sama á í rauninni við um Donald Trump. Hann hefur verið kosinn forseti Bandaríkjanna en tekur ekki við fyrr en seinni partinn í janúar. Þetta þýðir samt ekki að hagstefna hans hafi ekki nú þegar áhrif. Raunar hafa markaðirnir nú þegar brugðist frekar sterkt við þessari (væntanlegu) stefnu og það lítur út fyrir að markaðirnir búist við að Trump-hagfræðin styrki bandaríska hagkerfið – að minnsta kosti að vissu leyti. Þannig hafa verðbréfamarkaðir hækkað og það sama á við um vexti ríkisskuldabréfa og verðbólguvæntingar markaðanna.

Sú staðreynd að markaðirnir skuli nú þegar bregðast við – sennilega við væntanlegri slökun á peningamálastefnu í formi skattalækkana og fjárfestinga í innviðum – þýðir að við munum sennilega sjá betri þjóðhagfræðilegar tölur í Bandaríkjunum frekar fljótt, sennilega áður en Trump tekur við embætti 21. janúar.

> **Þegar ljóst verður að verðbólgan fari líklega yfir tvö prósent mun óttinn við herta peningamálastefnu draga úr trú fjárfesta á varanleika Trump-uppsveiflunnar.**

Hins vegar gæti þessi „uppsveifla“ orðið frekar skammvinn. Þannig hefur bandaríski verðbréfamarkaðurinn hresst vegna væntinga um skattalækkanir og umfangsmiklar innviðaframkvæmdir, sem einnig hafa valdið auknum verðbólguvæntingum.

Auknum verðbólguvæntingum hefur verið fagnað þar sem væntingarnar hafa verið undir tveggja prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Hins vegar, þar sem verðbólguvæntingar (til meðallangs tíma) hafa nú farið örlítið upp fyrir tvö prósent gera fjárfestar sér líka grein fyrir að seðlabankinn muni bregðast við þessu með meiri stýrivaxtahækkun. Svo þótt væntanleg slökun í ríkisfjármálum stuðli að aukinni heildareftirspurn í bandaríska hagkerfinu er líklegt að væntanleg aðhaldsstefna í peningamálum muni að fullu vega upp á móti auknum hagvexti.

Með öðrum orðum: Þegar ljóst verður að verðbólgan fari líklega yfir tvö prósent mun óttinn við herta peningamálastefnu draga úr trú fjárfesta á varanleika Trump-uppsveiflunnar. Þess vegna er „pláss“ fyrir aukinn hagvöxt í Bandaríkjunum til skamms tíma þar sem verðbólguvæntingar voru undir tveimur prósentum þegar Trump var kosinn, en frekar mikil og hröð aukning verðbólguvæntinga þýðir að hagvaxtaraukningin gæti orðið skammvinn.

Að lokum skal á það bent að Seðlabankinn er mjög líklegur til að reyna að halda aftur af „Trump-uppsveiflunni“ þar sem hún gæti valdið aukinni verðbólgu. Annað atriði er að verndarstefnutal Trumps sjálfs gæti valdið miklum skaða á bandaríska hagkerfinu.

Svo við skulum fagna „Trump-uppsveiflunni“ núna – hún gæti vel verið afstaðin fyrir páska.

# Brjóst sem drepa

Hin hliðin



**Þórhildur Ída Þórarinsdóttir**
MPM, IMAPP og félagi í FKA.

Ef þú gætir fengið að vita með einfaldri blóðprufu hvort þú hefðir krabbameinsgen, myndirðu gera það?

Já, af því að þú myndir vilja taka málin í þínar hendur til að aftengja þessa tímasprengju, til dæmis fara í eftirlit tvisvar á ári eða fyrirbyggjandi aðgerðir til að lifa lengur eða nei, ég gæti ekki afborið svoleiðis fréttir.

Hér er átt við þekkt stökkbreytt krabbameinsgen, BRCA1 og BRCA2. BR merkir „breast“ og CA er „cancer“. Á heimasíðu Memorial Sloan Kettering Cancer Center má sjá tölfræði um að konur með BRCA2 hafa til dæmis 50-85% líkur á brjóstakrabbameini og 16-27% líkur á eggjastokkakrabbameini en karlar auknar líkur á brjósta- og á blöðruhálskrabbameini.

Áhætta á þessum krabbameinum er talin mismikil í íslenskum fjölskyldum en bæði kyn hafa aukna hættu á briskrabbameini (sjaldgæft). Ísland er í þeirri sérstöðu að þessi genabreyting er algengari hér á landi en hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar og talið er að 2.400 Íslendinga hafi þessar stökkbreytingar.

Það er kominn tími til að við sem „viljum vita“ fáum að nýta okkur vísindin og þeir sem „vilja ekki vita“ fái að vera í friði. Að sjónarmið beggja séu virt. Við getum nú þegar heimilað líffæragjöf af heimasíðu Landlæknis og við getum líka ákveðið að heimila ekki líffæragjöf. Þannig ætti það að vera með BRCA1 og BRCA2.

Ef heilbrigðiskerfið beinir sjónum sínum að forvörnum í stað þess að bíða eftir að fólk greinist mætti fækka ótímabærum dauðsföllum, krabbameinstilfellum, draga úr kostnaði og auka lífsgæði, svo ekki sé minnst á sársauka og sorg.

Fólk getur verið of önnum kafið, of ódauðlegt eða bara treystir sér ekki til að fá upplýsingar en mitt sjónarmið er að þekking skipti sköpum og ég hvet alla sem hugrekki hafa til að skoða erfðaefnin sín.

Við höfum tækifæri til að stjórna krabbameinslíkum á þann hátt sem sumir ættingjar okkar fengu aldrei tækifæri til.




Krakka-Alias

Segðu

Fánar veraldar

# SKEMMTILEGU BORÐSPILIN

## FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA ERU KOMIN Í

netto








# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 7. desember 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.707,17 +0,73%
(+12,34)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Microsoft má kaupa LinkedIn

Tölvufyrirtækið Microsoft hefur fengið leyfi frá samkeppniseftirliti Evrópusambandsins til að kaupa samfélagsmiðilinn LinkedIn. LinkedIn tengir saman atvinnurekendur og fólk í atvinnuleit og hefur notið mikilla vinsælda.

Samningurinn nemur 26 milljörðum Bandaríkjadala og er stærsta yfirtaka Microsoft fram að þessu. Samningurinn hefur nú þegar hlotið grænt ljós í Bandaríkjunum, Kanada, Brasilíu og Suður-Afríku að því er Reuters greinir frá. Gengið verður endanlega frá honum á næstu dögum.

## 13,6%

**HÆKKUN**

Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 8,5 prósent á 12 mánaða tímabili frá október 2015, en á sama tíma hefur söluverð íbúða á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 13,6 prósent. Kaupverð húsnæðis hefur því hækkað nokkru meira en húsaleiga á tímabilinu. Greint er frá þessu í nýrri Hagsjá Landsbankans.

## 60

**MILLJARÐAR**

er jákvæð erlend staða þjóðabúsins í lok þriðja ársfjórðungs og hefur ekki verið betri frá því mælingar hófust.
Erlendar eignir þjóðarbúsins voru 4.040 milljarðar króna í lok fjórðungsins en skuldir 3.980 milljarðar króna. Hrein eign er því sem nemur 2,6% af vergri landsframleiðslu.

**5.12.2016**



**Hvað ferðaþjónustuna varðar þá hafa fyrirtækin tekist á við miklar launahækkanir síðustu misserin, neikvæð áhrif styrkingar íslensku krónunnar, stórgallaða umgjörð og veikt regluverk. Eftirliti með ólöglegri og svartri starfsemi er verulega ábótavant og óliðandi að fyrirtæki í ferðaþjónustu skuli þurfa að eiga í samkeppni við þá sem ekki skila sköttum og skyldum í ríkissjóð.**

Helga Árnadóttir

## Sjötti söluhæsti Domino's staðurinn

Domino's í Skeifunni hlaut fyrr á þessu ári verðlaun frá Domino's International fyrir að vera sjötti söluhæsti Domino's-staðurinn í heiminum árið 2015. Að sögn Önnu F. Gísladóttur í markaðsdeild Domino's á Íslandi er þetta mikil viðurkenning fyrir starfsfólk Skeifunnar. „Þetta eru eftirsótt verðlaun í Domino's-heiminum og við erum einstaklega stolt af starfsfólki okkar.“

Staðurinn fékk einnig verðlaun árið 2014 fyrir að vera einn af tíu söluhæstu stöðum heims. Árið 2015 var söluhæsti staðurinn í Dublin á Írlandi.

Fyrsta verslun Domino's á Íslandi var opnuð árið 1993 og í dag er rekin 21 verslun hér á landi.



**Álkapall úr endurunnu áli.**

## Umhverfisvænna ál

Alcoa kynnti nýja framleiðslulínu á álsýningu í Düsseldorf. Um er að ræða tvo vöruflokka; ECOLUM™ og ECODURA™.

Í fyrri flokknum er úrval steyptrar álvöru sem felur í sér minnstu kolefnisáhrifin en þau eru 75 prósent minni en meðaltalið í iðnaði. Þessar vörur eru framleiddar í álverum sem knúin eru með vatnsafli og því er losunarhlutfall þeirra minna en 2,5 tonn af kolefni fyrir hvert tonn af áli.

Í seinni flokknum eru álstangir gerðar úr endurunnum málmi, tilvaldar fyrir viðskiptavini sem sækjast eftir kolefnissparandi hráefnum í framleiðsluvörur sínar.

Vaxandi áhersla er á umhverfisþátt í áliðnaði, en mikill vöxtur álframleiðslu hefur verið í Kína, en sá iðnaður byggir á orku úr kolabrennslu.


UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is





*Jólaglaðningur fyrir fyrstu 700 viðskiptavinina sem kaupa normannsþin með gulum merkimiða*

Þegar þú kaupir tréð færðu afhenta inneignarnótu að andvirði verði trésins. Inneignarnótuna getur þú notað við vörukaup 2. – 15. janúar 2017. Framvísa skal kassakvittun með inneignarnótunni. Hámark 2 stk. á hvern viðskiptavin.

**Jólatré**
Normannsþinur með gulum merkimiða.
Stærð: 150–220 cm.

# 3.495.-

**Speedlight jólatréssería**
Með 140 LED-perum. Passar á 1,5 m hátt jólatré. Fæst með LED-perum sem geta leiftrað, í hvítu, antík hvítu og marglitu, sem og LED-perum í antík hvítu sem leiftra ekki.

## 4.495.-

light creations



KRINNER
**Jólatrésfótur** **3.995.-**
Klick Fix. Fyrir allt að 200 cm há tré.



KRINNER
**Jólatrésfótur** **4.995.-**
Basic S. Fyrir allt að 180 cm há tré.
Rúmar 1 l af vatni.



KRINNER
**Jólatrésfótur** **6.995.-**
Basic M. Fyrir allt að 220 cm há tré.
Rúmar 3 l af vatni.



KRINNER
**Jólatrésfótur** **9.995.-**
Premium L. Fyrir allt að 250 cm há tré.
Rúmar 3,2 l af vatni.

Premium XL. Fyrir allt að 300 cm há tré.
Rúmar 4,5 l af vatni............................12.995.-

Premium XXL. Fyrir allt að 400 cm há tré.
Rúmar 11 l af vatni. Miðjustillihringur fyrir minni tré fylgir ....................................16.995.-



KRINNER
**Jólatrésfótur** **14.995.-**
Hentar bæði innan- og utanhúss, fyrir allt að 260 cm há tré.

## Afgreiðslutímar um jólin

| | |
|---|---|
| Föstudagur 16. des. | 8-19 |
| Laugardagur 17. des. | 10-21 |
| Sunnudagur 18. des. | 10-21 |
| Mánudagur 19. des. | 8-21 |
| Þriðjudagur 20. des. | 8-21 |
| Miðvikudagur 21. des. | 8-21 |
| Fimmtudagur 22. des. | 8-21 |
| Föstudagur 23. des. | 8-21 |
| Aðfangadagur | 10-12 |
| Jóladagur | lokað |
| Annar í jólum | lokað |

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



✝

Kær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Loftur Guttormsson**
sagnfræðingur,

lést 4. desember sl.
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju
fimmtudaginn 15. desember kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Landvernd. Innilegar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og elskulegt viðmót.

**Hanna Kristín Stefánsdóttir**
**Hrafn Loftsson** **Guðný Eysteinsdóttir**
**Arnaldur Loftsson** **Hafdís Böðvarsdóttir**
**Hanna Loftsdóttir** **Hugi Guðmundsson**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Unnur Bergsveinsdóttir**
Bugðulæk 2, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum þann
26. nóvember. Útförin fór fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki á Landspítala, deildum 13-G og 11-E og starfsfólki á Landakoti, deild L2 fyrir alúðlega umönnun og aðstoð síðustu vikurnar í veikindum hennar.

**Dagný Þórólfsdóttir** **Kristinn Már Karlsson**
**Sigurlína Guðný Ævarsdóttir** **Ívar Örn Arnarson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Elskuleg systir okkar,

**Nella Sólonsdóttir**
Baugakór 13, Kópavogi,

lést 28. nóvember á líknardeild
Landspítalans. Útför hennar fer fram
frá Digraneskirkju, 8. desember kl. 13.

**Einar Sólonsson**
**Gísli Grétar Sólonsson**
**Theodór J. Sólonsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Fanney Jónsdóttir**
Birkivöllum 24, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum
laugardaginn 3. desember síðastliðinn.
Útförin fer fram í kyrrþey. Þeim sem vilja
minnast hennar er bent á
Vinafélag Fossheima og Ljósheima.

**Hergeir Kristgeirsson**
**Ragnheiður Hergeirsdóttir** **Snorri Jóelsson**
**Þórir Hergeirsson** **Kirsten Gaard**
**Grímur Hergeirsson** **Björk Steindórsdóttir**
**Guðrún Herborg Hergeirsdóttir** **Júlíus Magnús Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri,

**Bjarni Guðjónsson**
fyrrverandi sóknarprestur
á Valþjófsstað í Fljótsdal,

lést á hjúkrunarheimilinu Dyngju
á Egilsstöðum þann 29. nóvember
síðastliðinn. Útför hans fer fram frá
Valþjófsstaðakirkju laugardaginn 10. desember
næstkomandi og hefst hún kl. 14.00.

**Hafdís Björg Bjarnadóttir** **Jón Sveinbjörn Vigfússon**
**Una Birna Bjarnadóttir** **Trausti Valgeir Sigvaldason**
**Kristinn Bjarnason** **Elva Hildur Hjaltadóttir**
**Guðjón Bjarnason** **Árný Gunnarsdóttir**
**Katrín Erla Kjartansdóttir**
**Jón Þór Tryggvason**
**Sigurbjörg Svana Jónsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

# Engir jólatónleikar í ár

**Söngkonan Soffía Björg spilar á sínum síðustu tónleikum á árinu í kvöld. Hún mun spila lög af óútkominni plötu sinni á tónleikunum auk enn nýrra efnis. Þetta verða ekki jólatónleikar þó að þarna megi vel búast við þægilegri stemmingu og hátíðlegum brag.**

„Þetta eru ný og gömul lög en kannski eru þetta ný lög í eyrum allra gestanna því að ég er ekki búin að gefa út plötu enn þá. En ég er búin að gefa út þrjú lög og við erum að fara að spila megnið af þessari plötu sem við tókum upp í vor ásamt enn nýrra dóti. Ég ákvað að útsetja raddir fyrir lítinn kór og ætla að hafa hann í nokkrum lögum,“ segir Soffía Björg söngkona sem mun spila í Hörpunni í kvöld. Tónleikarnir eru hluti tónleikaraðarinnar Blikktromman þar sem besta tónlistarfólk þjóðarinnar spilar í óviðjafnanlegu umhverfi.

Þannig að þú verður að spila nýju plötuna þína, sem er ekki komin út, og líka þar næstu plötu eftir hana í kvöld?

„Ja, það er nú aldrei að vita.“

Soffía Björg er sprenglærð tónlistarkona; hún er lagahöfundur, söngkona og gítarleikari. Hún hefur getið sér gott orð með hljómsveitinni Brother Grass en er núna komin með sitt eigið band, en það mun einmitt koma fram með henni í Hörpunni í kvöld.

Ertu komin með útgáfudag á nýju plötuna þína?

„Ég er ekki komin með útgáfudag en það verður á næstu mánuðum, í byrjun næsta árs.“

Það eru allir tónleikar þessa dagana jólatónleikar, verður jólastemming í kvöld?

„Ekki beint jólastemming en það gæti verið hátíðlegur bragur yfir nokkrum lögunum. Þetta verður fallegt. Þetta árið verð ég ekki með neina jólatónleika í fyrsta skiptið í mörg ár, þannig að þetta eru seinustu tónleikarnir mínir á árinu. Það sem er komið á hreint fyrir næsta ár er Eurosonic í Hollandi í janúar, þangað ætlum við bandið. Síðan er eitt og annað í kortunum sem er ekki alveg staðfest þannig að ég vil ekki alveg segja frá því strax. Það er fínt að fá að spila tónlist fyrir fólk sem vill heyra og fá að ferðast í leiðinni,“ segir Soffía Björg að lokum. Tónleikarnir hefjast klukkan átta í kvöld og er hægt að kaupa sér miða á vefsíðu Hörpunnar.

**stefanthor@frettabladid.is**



**Það er allt að gerast hjá Soffíu Björgu en hún er að fara að senda frá sér plötu og ferðast með bandinu sínu.** MYND/TÓMAS TÓMASSON



✝

Okkar ástkæri,

**Guðmundur Gíslason**
múrari,
Sóltúni 2, áður Granaskjóli 3,
Reykjavík,

lést 1. desember. Útförin fer fram
frá Fossvogskapellu föstudaginn
9. desember kl. 13.00.

**Aðstandendur.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Haraldur Jónsson**
Austurströnd 10,
Seltjarnarnesi,

lést föstudaginn 2. desember.
Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju
föstudaginn 9. desember kl. 15.00.

**Gríma Lalla Sveinbjörnsdóttir**
**Ingibjörg Haraldsdóttir** **Gretar L. Marinósson**
**Sveinbjörn Haraldsson** **Amalía Berndsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vinarhug við andlát
og útför okkar ástkæru móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Vilborgar Guðrúnar Víglundsdóttur**

**Víglundur Gíslason** **Yuka Yamamoto**
**Albert Gíslason** **Ólöf Erna Ólafsdóttir**
**Birgir Gíslason** **Kristjana Schmidt**
**Guðrún Ósk Gísladóttir** **Jóhann Ólafsson**
**Þórhildur Gísladóttir** **Hallur Egilsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Sveinborg María Gísladóttir**
hjúkrunarfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans
föstudaginn 2. desember síðastliðinn.
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju
mánudaginn 12. desember kl. 15.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta líknarfélög njóta þess.

**Rafn Jónsson**
**Gísli Jónsson** **Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir**
**Hulda Björg Jónsdóttir** **Sigurður Sigfússon**
**María Margrét Gísladóttir** **Erlendur Stefán Gíslason**
**Ólafur Freyr Sigurðsson**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Margrét Guðjónsdóttir**
Hvassaleiti 56,

lést á Landspítalanum við Fossvog
laugardaginn 3. desember. Útför verður
gerð frá Áskirkju fimmtudaginn 15. desember kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir.

**Ólafur Á. Sigurðsson**
**Björg Ólafsdóttir** **Þröstur Guðmundsson**
**Sigurður Á. Ólafsson**
**Ólafur Kr. Ólafsson** **Anna María Bjarnadóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

I´M DREAMING OF A WHITE CHRISTMAS



# GLEÐILEG DAGSKRÁ

**SKEMMTILEGASTI JÓLAPAKKINN ER Í ÞÍNUM HÖNDUM**

AND MAY ALL YOUR X MASES BEE WHITE



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Austanstrekkingur og rigning með köflum, einkum um landið austanvert. Hvassast á Vestfjörðum og á annesjum norðanlands um kvöldið. Hiti 0 til 9 stig, mildast suðvestanlands.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | 1° |
| ↙9 | ↙13 | ↓7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 5° | -1° |
| ↗3 | ←2 | ↓7 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 2° | 1° |
| ←11 | ←13 | ←9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 4° | 0° |
| ←12 | ←12 | ←10 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. flottur
6. einnig
8. tala
9. háð
11. spil
12. alkyrrð
14. hæð
16. pot
17. drulla
18. fát
20. slá
21. þjappaði

**LÓÐRÉTT**
1. sjúga
3. klaki
4. barnaormur
5. nasaop
7. gullinn
10. gerast
13. kvk. nafn
15. mannvíg
16. einatt
19. svörð



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** finn, **6.** og, **8.** sjö, **9.** gys, **11.** ás, **12.** alkul, **14.** lengd, **16.** ot, **17.** aur, **18.** fum, **20.** rá, **21.** tróð. **LÓÐRÉTT: 1.** soga, **3.** ís, **4.** njálgur, **5.** nös, **7.** gylltur, **10.** ske, **13.** una, **15.** dráp, **16.** oft, **19.** mó.

### Skák Gunnar Björnsson

Agnar Darri Lárusson (1.755) átti leik gegn Ingvari Agli Vignissyni (1.554) á U-2000 móti TR.



**Svartur á leik**

**24. ... Hxd5! 25. cxd5 Dc8+ 26. Kd2 Dc2+ 27. Ke3 Dc5+ 28. Kd2 Ha2+ 0-1.** Í fyrradag var kynntur nýr vefur til leiks, www.skakkennsla.is. Þar má finna um 120 kennslumyndbönd. Um er að ræða samstarfsverkefni Skáksambandsins og GAMMA.
**www.skak.is:** Björn hraðskákmeistari Garðabæjar






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | | 8 | | 9 | | |
| | 7 | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 8 | | 5 | | | 2 | 7 | | |
| 4 | | 2 | | | 6 | | | 7 |
| | 1 | | 9 | | | 2 | 5 | |
| | 5 | | 1 | 2 | | | | 3 |
| | | | 4 | 3 | | | | 8 |
| 5 | 4 | 1 | | | | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | | 7 | 3 | | 2 | | |
| | | 1 | | | | 5 | 3 | |
| | 2 | 3 | | 1 | 8 | | | |
| 1 | | | | | 4 | | | |
| | | | | 8 | | 1 | | |
| | 3 | | | 2 | 9 | | 4 | |
| 7 | 5 | 2 | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | | 7 | 6 | 5 |
| | | | 8 | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | | 2 | |
| 5 | 6 | | | | | | | |
| 2 | | | 6 | | 7 | | | 1 |
| | | 8 | | 7 | 4 | | | |
| | 3 | | 8 | | | 4 | | |
| 6 | | | | 1 | | | | |
| | 8 | | 2 | | 9 | | 1 | 5 |
| | 9 | 5 | | 6 | 1 | | | 8 |
| | | | 3 | | | | 6 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# JÓLAGLAÐNINGURINN






Öllum KitchenAid Artisan hrærivélum fylgir fimm stykkja áhaldasett að verðmæti 14.990.

**KitchenAid**
FOR THE WAY IT´S MADE

## KITCHENAID HRÆRIVÉLIN

**Fæst í þrjátíu litum**

*Verð frá kr. 89.990*



**KitchenAid**
***Sleikjuarmur***
*Frábær í baksturinn*
VERÐ **5.990**



**KitchenAid**
***Pastagerðarvél***
*Fyrir heimagert pasta*
VERÐ **29.990**



**KitchenAid**
***Ísgerðarskál***
*Hrærivélin verður ísvél*
VERÐ **19.990**



**KitchenAid**
***4,8 lítra hitaskál***
*Eldaðu með hrærivélinni*
VERÐ **64.990**

## Saeco kaffivélar



**Mikið úrval**

CERTIFIED BY CENTRO STUDI ASSAGGIATORI ITALIAN TASTERS

## JÓLAKAUPAUKI

*1kg af Kimbo baunum fylgir öllum SAECO kaffivélum til jóla á meðan birgðir endast.*

caffè KIMBO





**KitchenAid**
***Hágæða blandari***
- 0,9 hestafla blandari
- 4000-11500 sn. á mín.
- 1,5 L glerkanna + auka kanna
- 5 hraðar, púls, klakastilling

**Auka kanna fylgir!**

*13 litir* VERÐ **39.990**

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is















Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar að Skriðuklaustri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allir í leit að sannleikanum

**Um þessar mundir eru 80 ár frá því Aðventa Gunnars Gunnarssonar kom fyrst fyrir sjónir lesenda. Af því tilefni er efnt til málþings í kvöld og lestra á þremur stöðum næsta sunnudag.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



„Gunnar hitti einhvern veginn á réttan tón í þessari bók sem er eiginlega það eina sem skýrir vinsældir hennar í allan þennan tíma,“ segir Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar að Skriðuklaustri, aðspurður um vinsældir Aðventu Gunnars Gunnarssonar en í ár eru 80 ár frá því bókin kom út hjá Reclam-forlaginu í Þýskalandi og Gyldendal í Danmörku. Aðventa er því löngu orðin sígild saga og á sinn fasta sess í aðventunni, bæði hér heima og víða erlendis, en í tilefni af útgáfuafmælinu verður í kvöld kl. 20 efnt til málstofu um verkið í Gunnarshúsi að Dyngjuvegi 8 en þar hefur Rithöfundasamband Íslands aðsetur.

Aðventa er byggð á raunverulegum hrakningum vinnumannsins Fjalla-Bensa á Mývatnsöræfum en Skúli Björn segir að margir telji að þetta hafi í raun verið toppurinn á höfundarferli Gunnars. „Í þessari stuttu nóvellu náði hann að skrifa klassíker sem gengur alveg jafn vel í lesendur í dag og hún gerði fyrir tuttugu árum og það er afrek í sjálfu sér. Við ætlum því að vera með þetta málþing í kvöld og tefla þar saman skemmtilega ólíkum erindum. Það verða þarna veðurfræðingur, guðfræðingur og bókmenntafræðingar til þess að rýna í bókina og spjalla um hana frá ólíkum sjónarmiðum með ólíkum hætti.“

Sagan af Fjalla-Bensa er rammíslensk en engu að síður virðist hún ná til fólks í ólíkum samfélögum og fara þvert á öll landamæri. „Já, það er merkilegt með bók sem er jafn rammíslensk og hægt er að hugsa sér með smala í blindbyl uppi á íslenskum fjöllum. En hann er á eintali við sjálfan sig og að fást við sömu spurningar og fólk gerir og hefur gert um víða veröld alla tíð. Hann er í leit að sannleikanum og það geta allir

# Heift og hryllingur í Elliðaey

**BÆKUR**

**Drungi**

★★★★☆

**Ragnar Jónasson**

**Útgefandi:** Veröld 2016
**Fjöldi síðna:** 297




Í bókinni Dimmu sem kom út í fyrra sagði Ragnar Jónasson skilið við siglfirska lögreglumanninn Ara Þór og kynnti til leiks nýja aðalpersónu, Huldu Hermannsdóttur. Í nýju bókinni, Drunga, fer hann aftar í sögu hennar en í Dimmu og við erum stödd á árinu 1997. Fjórir gamlir vinir hafast við í Elliðaey eina helgi og einn þeirra fellur fyrir björg og deyr. Huldu grunar að maðkur sé í mysunni, sem reynist rétt og hún stendur frammi fyrir því að finna morðingja í þriggja manna hópnum sem lifði af. Fljótlega kemur í ljós að málið á rætur í öðru morðmáli tíu árum fyrr, sem lesandinn fékk að kynnast í fyrri hluta bókarinnar.

Drungi fer hægt af stað, lesandinn fylgist með ungu pari í sumarbústaðarferð fyrir vestan, ferð sem líka endar með morði sem snarlega er upplýst – að því er virðist – en ekki er allt sem sýnist. Seinni hlutinn hefst tíu árum seinna og það er eiginlega ekki fyrr en þá sem Hulda geysist inn á völlinn, lesandanum til mikillar ánægju enda sérlega skemmtileg og vel skrifuð persóna. Vandamál hennar í einkalífinu eru hér nokkuð keimlík því sem var í Dimmu, því þótt hún sé ekki komin á eftirlaunaaldur á hún sem kona erfitt uppdráttar innan lögreglunnar og ofan á bætist tragedía í einkalífi hennar plús leit að föður sem hún aldrei þekkti. Hulda er ferskur blær í lögreglumannaflóru íslenskra glæpabókmennta og sérlega ánægjulegt að Ragnar skuli hafa gefið henni framhaldslíf, þótt í fortíðinni sé.

Aðrar persónur eru sömuleiðis vel mótaðar og togstreita þeirra innbyrðis liggur undir í öllum þeirra samskiptum, þótt á yfirborðinu virðist allt slétt og fellt. Stígandinn í sögunni er jafn og þéttur, barátta Huldu við drauga eigin fortíðar kallast á við draugagang í sálum þeirra sem morðmálunum tengjast og úr verður ansi magnaður kokkteill af brostnum vonum og gamalli heift. Ragnari hefur oft verið líkt við Agöthu Christie en hér stígur hann út fyrir þá braut sem hún lagði og fetar sig lengra inn í land norræna krimmans, þar sem sálfræðin leikur stærra hlutverk en getgátur um það hver sé sá seki.

Ragnar er í stöðugri framför sem höfundur, Drungi er hans best skrifaða bók og þótt fléttan sé kannski örlítið fyrirsjáanleg kemur það ekki að sök því persónurnar eru áhuga-

tengt við þá leit. Það er þessi barátta sem heillar fólk. En svo eru líka stílbrögð í bókinni eins og þegar höfundurinn stígur inn í frásögnina sem var tiltölulega nýtt á sínum tíma. En það er einhvern veginn bara allt sem heillar og það er alveg sama hversu oft maður les þessa sögu eða hlustar á hana þá er alltaf eitthvað nýtt sem maður heggur eftir.“

Skúli Björn hefur aðsetur að Skriðuklaustri, þar sem Gunnarsstofnun rekur menningar- og fræðslusetur, og hann segir að á hverju ári komi alltaf einhverjir í pílagrímsför austur. „Já, það kemur hingað fólk, einkum frá Þýskalandi þar sem er víða siður að lesa þessa bók á aðventunni, og vill vita meira um höfundinn og söguna sjálfa. Oft er þetta fólk sem er alið upp við þennan lestur og hefur kosið að halda þeim sið þannig að það virðist vera algengt þar um slóðir.

Þess vegna fannst mér ánægjulegt þegar Ríkisútvarpið tók upp þann sið að hafa söguna sem útvarpssögu fyrir jólin og fá nýjan lesara á hverju ári. Í hvert sinn sem maður hlustar á söguna heyrir maður nefnilega eitthvað nýtt. Þess vegna hefur Gunnarsstofnun um árabil reynt að stuðla að því í góðu samstarfi við aðra að fólki gefist kostur á að eiga kyrrðarstund og hlýða á söguna þriðja sunnudag í aðventu,“ segir Skúli Björn.“ Sagan verður að þessu sinni lesin á þremur stöðum sunnudaginn 11. des. Í Reykjavík les Gunnar Helgason rithöfundar söguna á Dyngjuvegi 8 hjá Rithöfundasambandinu. Á Akureyri les Pétur Halldórsson, fyrrum útvarpsmaður, í setustofu Icelandair hótels á Akureyri og á Skriðuklaustri hljómar önnur góðkunn útvarpsrödd en þar les Gunnar Stefánsson söguna. Lesturinn hefst kl. 14 á öllum stöðunum.

„En svo er líka gaman að segja frá því að við hjá Gunnarsstofnun höfum verið að vinna með höfundarréttinn og höfum verið að gera það síðustu árin frá því að fjölskyldan setti hann í hendurnar á okkur. Við höfum verið að nota Aðventu sem flaggskip höfundarverks Gunnars til þess að koma verkum hans á framfæri og síðustu árin hafa verið að bætast við stór málsvæði. Þar má nefna rússnesku, spænsku, arabísku, ítölsku, hollensku og norsku þannig að Aðventa á enn þá greiða leið til lesenda víða um heim. Að auki er Kvikmyndafélag Íslands með kvikmynd í undirbúningi en það tekur auðvitað nokkur ár eins og annað í þeim bransa. En maður bíður spenntur, reyndar vildi Disney á sínum tíma gera teiknimynd eftir þessu en það varð aldrei af því, og við fáum svo bara stóra alþjóðlega mynd núna.“

verðar og sagan full af sálrænum hryllingi sem teymir lesandann áfram þannig að illmögulegt er að leggja bókina frá sér fyrr en síðasta orð er lesið. **Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Best skrifaða bók Ragnars, full af sálrænum hryllingi og undirliggjandi heift. Og Hulda Hermannsdóttir er kærkomin viðbót við lögguhópinn í íslenskum glæpasögum.

FUDGE FUDGE FUDGE FUDGE FUDGE FUDGE FUDGE
Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

# Tilnefningar til Fjöruverðlauna

Gleðin var við völd á Borgarbókasafninu í miðbæ Reykjavíkur þegar níu bækur voru tilnefndar til Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna. Eftirfarandi höfundar og bækur hlutu tilnefningu að þessu sinni.

### Fagurbókmenntir

**Eyland** eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur.
**Kompa** eftir Sigrúnu Pálsdóttur.
**Raddir úr húsi loftskeytamannsins** eftir Steinunni G. Helgadóttur.

### Fræðibækur og rit almenns eðlis

**Heiða – fjalldalabóndinn** eftir Steinunni Sigurðardóttur.
**Hugrekki – saga af kvíða** eftir Hildi Eiri Bolladóttur.
**Barðastrandarhreppur – göngubók** eftir Elvu Björgu Einarsdóttur.

### Barna- og unglingabókmenntir

**Doddi: Bók sannleikans!** eftir Hildi Knútsdóttur og Þórdísi Gísladóttur; myndir og kápa Elín Elísabet Einarsdóttir.
**Íslandsbók barnanna** eftir Margréti Tryggvadóttur og Lindu Ólafsdóttur.
**Úlfur og Edda: Dýrgripurinn,** höfundur texta og mynda er Kristín Ragna Gunnarsdóttir.



**Höfundarnir glöddust að vonum með tilnefningar til Fjöruverðlauna sem tilkynnt var um í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Heimavellir

## Birting lýsingar

Skuldabréfaflokkurinn HEIMA100646

Útgefandi: Heimavellir hf., kennitala 440315-1190, Lágmúla 6, 108 Reykjavík

Heimavellir hf. hafa birt lýsingu, dagsetta 6. desember 2016. Lýsingin er birt í tengslum við umsókn útgefanda um að skuldabréf í flokknum HEIMA100646 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu.

Lýsingin er gefin út rafrænt á íslensku. Hún er birt á vef Heimavalla hf. á slóðinni www.heimavellir.is/fjarfestar og verður aðgengileg þar í tólf mánuði frá staðfestingu hennar. Útprentuð eintök má nálgast án kostnaðar á skrifstofu útgefanda að Lágmúla 6, 108 Reykjavík.

### Taka til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Sótt hefur verið um að Nasdaq Iceland hf. taki skuldabréfin til viðskipta á Aðalmarkaði og mun verða tilkynnt um slíkt með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

### Nafnverð útgáfu

Gefin hafa verið út skuldabréf að nafnvirði kr. 1.280.000.000 en flokkurinn er opinn að stærð. Öll útgefin skuldabréf í flokknum hafa verið seld. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. í kr. 20.000.000 einingum. Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland hf. verður HEIMA100646. ISIN númer bréfanna er IS0000027381.

Reykjavík, 7. desember 2016
Stjórn Heimavalla hf.

Íslandsbanki

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
Coca-Cola
VAIANA
SÝND KL. 5.40
BAD SANTA 2
SÝND KL. 8, 10
FANTASTIC BEASTS
SÝND KL. 6, 9
HACKSAW RIDGE
SÝND KL. 8, 10.45
Tröll
SÝND KL. 6

SAMBÍÓIN SAMbio.is
LÍKLEGA BESTA JÓLAGRÍNMYNDIN Í HEIMI
OFFICE CHRISTMAS PARTY
Jason Bateman, Jennifer Aniston, T.J. Miller, Olivia Munn
FRÁBÆR GRÍNMYND
JÓLATEIKNIMYNDIN Í ÁR
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR FROZEN OG ZOOTROPOLIS
98%
VAIANA
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
Frá J.K. Rowling, höfundi Harry Potter.
88%
FANTASTIC BEASTS AND WHERE TO FIND THEM
FRÁ LEIKSTJÓRA FORREST GUMP, CAST AWAY OG FLIGHT
BRAD PITT MARION COTILLARD
ALLIED

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
OFFICE CHRISTMAS PARTY KL. 5:40 - 8 - 10:20
OFFICE CHRISTMAS PARTY VIP KL. 5:40 - 8 - 10:20
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:30
VAIANA ÍSL TAL 3D KL. 5:30
VAIANA ENSKT TAL 2D KL. 5:30 - 8 - 10:30
ALLIED KL. 8 - 10:40
FANTASTIC BEASTS 3D KL. 8 - 10:45
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 5
THE ACCOUNTANT KL. 8 - 10:45

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
OFFICE CHRISTMAS PARTY KL. 5:40 - 8 - 10:20
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:30
ALLIED KL. 8 - 10:30
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 6 - 9
THE ACCOUNTANT KL. 8
DOCTOR STRANGE 2D KL. 5:30 - 10:40

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
OFFICE CHRISTMAS PARTY KL. 8 - 10:20
VAIANA ENSKT TAL 2D KL. 8
ALLIED KL. 10:20

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
OFFICE CHRISTMAS PARTY KL. 8 - 10:20 - 10:45
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40
ALLIED KL. 5:20 - 8
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 5 - 8
LIGHT BETWEEN OCEANS KL. 10:40

SAMBÍÓIN AKUREYRI
OFFICE CHRISTMAS PARTY KL. 8 - 10:20
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40
ALLIED KL. 10:45
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 5:15 - 8

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**7. DESEMBER 2016**

## Tónlist

**Hvað?** Jethro Tull Christmas Show
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Ian Anderson og félagar gera nánast ekkert annað en að mæta til Íslands, svo miklir Íslandsvinir eru þeir og nú ætla þeir að halda sína rómuðu jólatónleika í Hallgrímskirkju. Það verður mikið um dýrðir á þessum tónleikum, það eitt er víst. Miðaverð er 12.900-14.900 krónur.

**Hvað?** Jólatónleikar Borgardætra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Borgardætur keyra jólin í gang á Rosenberg í desember. Miðaverð 5.500 krónur.

**Hvað?** Líttu inn í hádeginu: Vögguvísur á jólum
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Sigríður Aðalsteinsdóttir sópran, Þórunn Marínósdóttir víóla, Helga Bryndís Magnúsdóttir píanó. Miðaverð 1.500 krónur.

**Hvað?** Kvintett Þorgríms Jónssonar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Kvintett Þorgríms Jónssonar spilar í Hörpunni í kvöld sem hluti af tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans. Þorgrímur Jónsson sendi nýlega frá sér plötuna Constant Movement og hefur hann fengið ágætis dóma. Kvintettinn skipa þeir Ari Bragi Kárason á trompet, Ólafur Jónsson á saxófón, Kjartan Valdemarsson á píanó, Þorgrímur Jónsson á bassa og Þorvaldur Þór Þorvaldsson á trommur. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Mugison
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Í tilefni þess að Mugison er með nýja plötu tilbúna ætlar hann að spila í Hörpunni í kvöld og á morgun. Þarna mun hann væntanlega spila slatta af glænýju efni en síðasta plata kom út árið 2011 svo að það er spennandi að fá að heyra hvað hann hefur verið að kokka síðan þá. Einnig er lofað leynigestum, ljósadýrð, galdrabrögðum og geggjaðri tónlist. Einnig mun Mugison gefa öllum plötuna nýju í kaupbæti. Miðaverð er 4.990-8.990 krónur.

**Hvað?** Jólatónleikarnir Hátíð í bæ
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Iða, íþróttahús FSu, Selfossi
Margir frábærir listamenn koma fram á tónleikunum bæði sunnlenskir sem og þekktir listamenn á landsvísu. Þarna verða Magnús Kjartans, barnakór Hvolsskóla, Diddú, Karlakór Selfoss, Jogvan, Guðrún Gunnars, Lúðrasveit Þorlákshafnar, Daníel Haukur og Viktor Kári Garðarsson. Kynnir er Þóra Grétarsdóttir. Hljómsveitarstjórn er í höndum Vignis Þórs Stefánsson og hans manna. Miðaverð er 2.950-5.200 krónur.

**Hvað?** Blikktromman – Soffía Björg
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Soffía Björg er lagahöfundur, söngkona og gítarleikari sem hefur getið sér gott orð með



Mugison spilar nýja og gamla tónlist í Hörpunni í kvöld. Hann mun gefa gestum nýjustu plötuna sína í kaupbæti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hljómsveitinni Brother Grass. Auk þess hefur hún samið tónlist fyrir stuttmynd, dansverk og kórverk. Von er á hennar fyrstu plötu innan skamms. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Aðventu- og jólatónleikar Kórs Vídalínskirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Garðakirkja, Garðabæ
Á efnisskrá eru fjölbreytt aðventu- og jólalög eftir m.a. J.S. Bach, Holst, Jórunni Viðar, Báru Grímsdóttur og Eyþór Stefánsson. Þá verður frumflutt lag eftir einn kórfélaga, Sigrúnu Andrésdóttur, og sungnir nokkrir textar eftir tvo kórfélaga, Guðmund Guðbrandsson og Rúnar Einarsson. Með kórnum leikur einnig Hallfríður Ólafsdóttir á flautu, en stjórnandi er Jóhann Baldvinsson. Eftir tónleikana verður boðið upp á léttar jólaveitingar. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Jólatónleikar – Karitas Harpa og Kolbrún Lilja
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hrunakirkja
Söngkonurnar Karitas Harpa og Kolbrún Lilja eru jafnframt mikil jólabörn og ætla því að ferðast um Suðurland og syngja fyrir sveitunga. Með þeim verður Heimir Eyvindarson og mun hann sjá um undirleik.

## Viðburðir

**Hvað?** Kvöldstund með Sigríði Snævarr
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Sigríður Ásdís Snævarr var fyrst íslenskra kvenna skipuð sendiherra fyrir Íslands hönd árið 1991. Í boði verður jólaplatti Hannesarholts og fleira. Verð 1.500 krónur.

**Hvað?** Leiðsögn um Sölku Völku
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Kringlunni
Hlynur Páll Pálsson, aðstoðarleikstjóri Sölku Völku, og Salka Guðmundsdóttir, höfundur leikgerðarinnar, segja gestum frá uppsetningu Borgarleikhússins á leikritinu. Í kjölfarið verður rölt yfir í Borgarleikhúsið þar sem gestir fá stutta kynningu á leikmynd og annarri umgjörð sýningarinnar. Gestum býðst 10% afsláttur af miðum á Sölku Völku.

**Hvað?** Trump og Brexit – Stjórnmál eftirsannleikans
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Oddi, Háskóla Íslands
Silja Bára Ómarsdóttir heldur fyrirlestur titlaðan Hvers vegna sigraði Trump? Og Jóhanna Jónsdóttir heldur fyrirlesturinn Brexit: Lýðskrum, sinnuleysi eða lögmæt sjónarmið? Eftir erindin verða pallborðsumræður þar sem sitja auk frummælenda: Baldur Þórhallsson, Hulda Þórisdóttir og Guðmundur Hálfdánarson. Fundurinn er öllum opinn.

**Hvað?** Swap Junior – fatamarkaður með notuð barnaföt
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Reykjavík City Hostel, Sundlaugavegi
Skiptimarkaður með notuð barnaföt mun fara fram á Reykjavík City Hostel í dag. Komdu með barnafötin sem þú notar ekki lengur og gakktu út með eitthvað sem þú getur notað.

**Hvað?** Jólabókaupplestur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Nokkrir höfundar lesa úr verkum sínum í Bíó Paradís í kvöld. Arngunnur Árnadóttir les úr Að heiman, Guðmundur Óskarsson les úr Villisumri, Steinunn Sigurðardóttir les úr Heiða/Af ljóði ertu komin, Auður Ava Ólafsdóttir mun lesa upp úr Ör, Friðgeir Einarsson les úr Takk fyrir að láta mig vita, Sigrún Pálsdóttir úr Kompu og Andri Snær Magnason les úr Sofðu ást mín. Það verður hugguleg jólastemning í bíóinu; piparkökur og konfekt, kaffi og jólabjór.

OPIÐ HÚS
Þriggja hæða steinhús með ríkulega sögu
Glæsileg eign á góðum stað í hjarta borgarinnar. Gróinn garður sem vísar til suðurs og litlar svalir á norðurhlið hússins. Stutt í alla verslun og þjónustu. **Stæði í upphituðum bílakjallara fylgir.**
LAUS STRAX
Tilvalin eign í túristaleigu
Ekki kaupa hvað sem er af hverjum sem er. Spurðu um skilríki.
FÉLAG FASTEIGNASALA

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Nahid
Absolutely Fabulous: the movie ... 18:00
Innsæi ... 18:00
Captain Fantastic ... 20:00
Baskavígin ... 20:00
Slack Bay ... 20:00
Nahid ... 22:30
Gimme Danger ... 22:15
Embrace of the Serpen ... 22:30
absolutely fabulous the movie


GEFÐU SKEMMTILEGA
GJÖF UM JÓLIN
BÍÓMIÐI, PEPSI & POPP
GJAFABRÉF Á SAMBIO.IS
EÐA Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA
pepsi
pepsi
SAMBÍÓIN
Pop Corn
SAMbio.is
SAMBÍÓIN

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

07.00 Jóladagatal Afa
07.05 Simpson-fjölskyldan
07.30 Teen Titans Go!
07.50 The Middle
08.15 Mindy Project
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Logi
11.10 Atvinnumennirnir okkar
11.50 Dallas
12.35 Nágrannar
13.00 Lögreglan
13.30 Besti vinur mannsins
13.55 Project Greenlight
14.25 Brother vs. Brother
15.10 The Comeback
15.40 Mr Selfridge
16.25 Simpson-fjölskyldan
16.45 **Jóladagatal Afa** Afi er að undirbúa jólin og fer niður í geymslu að leita að jólatrénu sínu. Í þeirri leit kemur ýmislegt upp úr kössum og handröðum og hann finnur margt forvitnilegt í leiðinni sem hann tengir við skemmtilega hluti eins og t.d. jólasiði annarra landa og þjóða.
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 Víkingalottó
19.25 Mom
19.50 **Ísskápastríð** Nýr og skemmtilegur matreiðsluþáttur í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben sem jafnframt gegna hlutverki liðsstjóra. Í hverjum þætti fá Eva og Gummi til sín keppendur sem þau skipta með sér í lið. Keppnin gengur svo út á það að í byrjun fá þau að velja einn ísskáp af nokkrum mögulegum og í hverjum ísskáp er hráefni fyrir forrétt, aðalrétt og eftirrétt. Keppendur og liðsstjórar þurfa svo að vinna innan ákveðins tímaramma til að töfra fram þrjá girnilega rétti.
20.25 Black Widows
21.10 Divorce
21.40 Pure Genius
22.30 Nashville
23.15 NCIS
00.00 Lethal Weapon
00.45 Murder
01.45 High Maintenance
02.20 Stalker
03.05 Battle Creek
03.50 Humans
04.35 Rita

## STÖÐ 2 SPORT

07.25 Spænski boltinn
09.05 Spænsku mörkin
09.35 NFL
12.05 UEFA Champions League
13.45 UEFA Champions League
15.25 UEFA Champions League
17.05 UEFA Champions League
18.45 Meistaradeildarmörkin
19.15 Meistaradeildarmessan
21.45 Meistaradeildarmörkin
22.15 UEFA Champions League
00.05 UEFA Champions League

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Meistaradeildarmörkin
07.35 Enska 1. deildin
09.20 Football League Show
09.50 Dominos deild kvenna
11.20 Premier League
13.05 Premier League
14.50 Premier League
16.35 Premier League
18.20 Premier League Review
19.15 Meistaradeildarmessan
19.40 UEFA Champions League
21.45 UEFA Champions League
23.35 UEFA Champions League

## STÖÐ 3

17.50 Mike & Molly
18.10 The Big Bang Theory
18.35 New Girl
19.00 Modern Family
19.25 Fóstbræður
19.55 Fangavaktin
20.30 Íslenskir ástríðuglæpir
20.55 Legends of Tomorrow
21.40 Flash
22.25 Rome
23.20 Klovn
23.45 The Knick
00.40 Fangavaktin
01.10 Íslenskir ástríðuglæpir
01.35 Legends of Tomorrow
02.15 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Kalli á þakinu
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Stóri og Litli
08.49 Óskastund með Skoppu og Skrítlu
09.00 Víkingurinn Viggó
09.13 Kormákur
09.25 Brunabílarnir
09.47 Mæja býfluga
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Kalli á þakinu
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Stóri og Litli
12.49 Óskastund með Skoppu og Skrítlu
13.00 Víkingurinn Viggó
13.13 Kormákur
13.25 Brunabílarnir
13.47 Mæja býfluga
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Kalli á þakinu
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Stóri og Litli
16.49 Óskastund með Skoppu og Skítlu
17.00 Víkingurinn Viggó
17.13 Kormákur
17.25 Brunabílarnir
17.47 Mæja býfluga
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Peter and Petra



Svampur Sveinsson: 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

08.00 Hero World Challenge
13.00 Golfing World
13.50 Hero World Challenge
19.00 Golfing World
19.50 Ryder Cup
22.20 Ryder Cup Official Film
23.35 Golfing World

## BÍÓSTÖÐIN

10.10 The Fault in Our Stars
12.15 My Girl
14.00 Men, Women & Children
16.00 The Fault in Our Stars
18.10 My Girl
19.55 **Men, Women & Children** Frábær mynd frá 2014 með Adam Sandler, Rosemarie DeWitt og Jennifer Garner í aðalhluverkum. Internetið og öll hin þráðlausa tækni sem nú hefur að miklu leyti tekið yfir samskiptamáta fólks er viðfangsefni þessarar áleitnu myndar. Hér eru sagðar nokkrar aðskildar sögur sem renna síðan saman í eina heild.
22.00 Dawn of the Planet of the Apes
00.15 **The X-Files** Dramatísk spennumynd frá árinu 1998 með þeim David Duchovny og Gillian Anderson sem leika alríkislög-regluparið fræga Mulder og Scully.
02.15 Hot Tub Time Machine 2
03.45 Dawn of the Planet of the Apes

## RÚV

15.55 Andri á Færeyjarflandri
16.25 Eldað með Ebbu
16.55 Táknmálsfréttir
17.05 Disneystundin
17.06 Finnbogi og Felix
17.27 Sígildar teiknimyndir
17.33 Gló magnaða
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Jóladagatalið - Sáttmálinn
18.20 Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons
18.50 Krakkafréttir
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Bítlarnir að eilífu – Lucy in the Sky with Diamonds
20.20 Kiljan
21.10 Neyðarvaktin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Fórnarkostnaður tísku-iðnaðarins
23.10 Kastljós
23.40 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos (1.44)
08.20 Dr. Phil
09.00 The Biggest Loser
09.45 The Biggest Loser
11.00 Síminn + Spotify
13.20 Dr. Phil
14.00 Younger
14.20 Jane the Virgin
15.05 The Grinder
15.25 The Odd Couple
15.50 Man With a Plan
16.10 Speechless
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 American Housewife
20.15 Survivor
21.00 Bull
21.45 Quantico
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 Jericho
00.35 Sex & the City
01.00 This Is Us
01.45 MacGyver
02.30 Bull
03.15 Quantico
04.00 The Tonight Show
04.40 The Late Late Show
05.20 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin





ÍSSKÁPASTRÍÐ
Nýr og stórskemmtilegur matreiðsluþáttur í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben sem jafnframt gegna hlutverki liðsstjóra. Dómarar eru Siggi Hall og Hrefna Sætran og það kemur í þeirra hlut að velja sigurvegara kvöldsins.

MAGNAÐ MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

BLACK WIDOWS
Þrjár vinkonur sem allar eru orðnar leiðar á eiginmönnum sínum ákveða að koma þeim fyrir kattarnef og öðlast langþráð frelsi en ekki er allt sem sýnist!



DIVORCE
Skemmtilegur gamanþáttur þar sem Frances er búin að klúðra hjónabandinu og sér eftir öllu saman en leiðin til baka er ekki greið.



PURE GENIUS
Vandaðir þættir um James Bell sem fer ótroðnar slóðir þegar hann stofnar byltingar-kenndustu læknamiðstöð í heimi.



DAWN OF THE PLANET OF THE APES
Skæð veira hefur lagt að velli stóran hluta mannskyns og apa. Aparnir eru duglegir að bjarga sér og hafa komið sér fyrir í skóglendi utan við San Francisco.



ÍSLENSKIR ÁSTRÍÐUGLÆPIR
Vandaðir þættir í umsjá Ásgeirs Erlendssonar um íslenska ástríðuglæpi. Birt eru viðtöl við þolendur og aðstandendur og vönduð umfjöllun um hvert mál.

1. ÞÁTTUR!



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

# JÓLA TÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

## 17. OG 18. DESEMBER KL. 14.00 OG 16.00



### HÁTÍÐLEGIR TÓNLEIKAR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Jólatónleikar Sinfóníunnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólaundirbúningi margra fjölskyldna. Sígildar jólaperlur eiga þar sinn fasta sess og er hátíðleikinn ávallt í fyrirrúmi.

Fram koma söngkonurnar Eivør Pálsdóttir, Hallveig Rúnarsdóttir og Kolbrún Völkudóttir ásamt ungum hljóðfæraleikurum, kórum og listdönsurum.

**Kynnir er trúðurinn Barbara og hljómsveitarstjóri Bernharður Wilkinson.**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

**SINFONIA.IS**

@icelandsymphony / #sinfó

# Gamlir vinir á næstu Solstice hátíð

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Nú hefur verið tilkynnt um nokkur af þeim erlendu böndum sem munu spila á Secret Solstice hátíðinni næsta sumar. Þar má finna nokkra Íslandsvini og auk þess gamla vini sem margir muna eftir frá tíunda áratugnum.



Foo Fighters drógu Nilfisk upp á svið á tónleikum sínum í Höllinni, en þá voru þeir aðeins 16 ára og eins og sést hefur það verið nokkuð mikið fjör.

## Foo Fighters

Strákarnir í Foo Fighters eru enn einir Íslandsvinirnir á þessum lista en þeir hafa komið tvisvar hingað til lands og enn oftar hrópað eitthvað um ágæti landsins á sviði hér og þar. Eins og frægt er mætti bandið árið 2003 og ferðaðist meðal annars um Suðurland þar sem þeir rákust á strákana í Nilfisk sem voru á æfingu í bílskúr á Stokkseyri. Þeim leist svo vel á þá að þeir fengu þá til að hita upp á tónleikum sveitarinnar í Höllinni. Árið 2005 þegar Foo Fighters komu aftur héldu þeir svo tónleika á Stokkseyri – frítt. Þvílíkt góðir gaurar.

Foo Fighters er auðvitað gríðarlega vinsæl hljómsveit sem spratt upp úr rústum Nirvana árið 1994 rétt eftir dauða Kurts Cobain. Foo Fighters hefur verið í pásu nokkuð lengi síðustu árin en er þó ekki hætt og hafa þeir kapparnir undirstrikað það nokkuð oft með alls konar skilaboðum og myndböndum á heimasíðunni sinni. Og þeir eru varla hættir fyrst þeir hafa boðað komu sína í Laugardalinn næsta sumar.



The Prodigy hefur áður komið í Laugardalinn og kannast því líklega vel við svæðið og mögulega líka sögu þess.

## The Prodigy

Fyrir margan Íslendinginn er breska hljómsveitin The Prodigy tíundi áratugurinn holdi klæddur, með fríkaðar linsur og grænan hanakamb. Sveitin hefur komið hingað til lands nokkrum sinnum, spilaði meðal annars á hinni alræmdu tónlistarhátíð Uxa árið 1995 sem margir eiga vafalaust góðar minningar frá, ef þeir á annað borð voru að búa til minningar þar.

The Prodigy hefur auðvitað átt heilan helling af smellum allt síðan snemma á tíunda áratugnum. Firestarter, Poision, Breath, Smack My Bitch Up … og það væri hægt að halda endalaust áfram. The Prodigy eru hvergi nærri hætt – í fyrra kom út ný plata frá henni og sveitin hefur verið að túra grimmt eftir útgáfu hennar. Þeir segjast þó hættir að gefa út breiðskífur og ætli héðan í frá einungis að gefa út stuttskífur (EP-plötur), hvað sem það nú þýðir.



Richard Ashcroft er hér með speglagleraugu og það sem virðist vera gasgríma sem hann ber um hálsinn.

## Richard Ashcroft

Richard Ashcroft var söngvari hljómsveitarinnar The Verve sem var ákaflega vinsæl á tíunda áratugnum og gerði meðal annars lagið Bitter Sweet Symphony sem aðdáendur britpops kalla gjarnan besta lag allra tíma. Sem sólólistamaður hefur Richard Ashcroft náð miklum vinsældum og hefur Chris Martin úr Coldplay meðal annars kallað hann besta söngvara í heimi sem verða að teljast ansi stór orð.

Hans frægasta lag sem sólólistamanns er tvímælalaust A Song for the Lovers frá árinu 2000. Það er oft talað um það sem Verve-lag fyrir misskilning, enda mjög Verve-legt en ástæða þess er að lagið átti upphaflega að koma út með hljómsveitinni en það varð aldrei að veruleika og lagið heyrðist ekki fyrr en Richard notaði það sjálfur á sinni fyrstu sólóplötu, Alone with Everybody.



Þeir Orifice Vulgatron og Metropolis úr Foreign Beggars eru ávallt líflegir á sviði og það er vel.

## Foreign Beggars

Breska hljómsveitin Foreign Beggars spilar villta blöndu af rappi og dubstep/elektrónik og hefur verið nokkuð vinsæl í heimalandi sínu og víðar um Evrópu. Þetta verður í annað sinn sem sveitin spilar á Secret Solstice hátíðinni en hún heimsótti Laugardalinn árið 2015 og fékk þá fínustu viðtökur. Foreign Beggars var stofnuð árið 2002 í London og þá var hljómsveitin að vinna með grime og aðra „neðanjarðar“ rappstíla. Síðar meir varð tónlist Foreign Beggars eins konar blanda af rappi og háværum raftónlistarstefnum eins og dubstep og drum n bass og varð talsvert vinsæl fyrir vikið, sérstaklega á toppi dubstep stormsveipsins sem reið yfir heiminn í kringum 2009 og dó út skömmu síðar. Þeirra vinsælasta lag er líklega Contact en það er fínasta dæmi um hvers lags hljómsveit Foreign Beggars er, bæði lagið og myndbandið.



Pharoah Monch gerði garðinn frægan á tíunda áratugnum eins og margir af þeim listamönnum sem hafa verið tilkynntir á Solstice.

## Pharoah Monch

Pharoah Monch hóf feril sinn í hljómsveitinni Organized Konfusion, sem varð þó aldrei fræg, þannig lagað – átti aldrei smelli á neinum listum, en sveitin lifir í kollum hiphophausa um allan heim og er oft talin ein besta rapphljómsveit allra tíma. Platan Þeirra Stress: The Extinction Agenda er oftar en ekki sett á lista yfir bestu rappplötur allra tíma.

Eftir að hljómsveitin lagði upp laupana hóf Pharoah Monch sólóferil sinn og er kannski hvað þekktastur fyrir lagið Simon Says sem ennþá fær að heyrast í klúbbum og á kappleikjum um allan heim. Lagið notast við sampl úr japönsku kvikmyndinni Gojira Tai Mosura eða Godzilla vs Mothra og var Pharoah Monch kærður fyrir notkun sína á samplinu. Það olli honum talsverðum vandræðum og varð meðal annars til þess að hann gat ekki gefið út neinar plötur í nokkur ár og ekki þénað neitt á laginu sjálfu, sem hlýtur að vera ákveðinn skellur miðað við hvað þetta lag hefur fengið að heyrast mikið síðustu sautján árin.




# SUZUKI VITARA GLX DÍSEL

**ÁRGERÐ 2016 - SJÁLFSKIPTIR - LÍTIÐ NOTAÐIR**

## Komnir aftur í mörgum litum á betra verði

- √ **Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð**
- √ **Allt að 90% fjármögnun**
- √ **Til í ýmsum litum**
- √ **Góð endursala**
- √ **Tökum bíla upp í**

## DEKKJAPAKKI AÐ VERÐMÆTI 120.000

FYLGIR **ÖLLUM** BÍLUM UNDIR KOMIN



Bílarnir eru eknir á bilinu **25-29** þúsund km.
Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi sem er **apríl 2016**.

*M.v. 20% útborgun og lán til 84 mánaða.
**Skv. verðlista umboðs með panoramaþaki ásamt vetrardekkjum.
***Hægt að velja um: London, Köben, Dubling, Edinborg, Cork ogStokkhólm.

## HLAÐNIR ÞÆGINDUM

- √ **Panorama þak**
- √ **Leður/ rúskinn sæti**
- √ **Bakkmyndavél**
- √ **Íslenskt leiðsögukerfi**
- √ **Lyklalaus ræsing og hurðaopnun**
- √ **Álfelgur**
- √ **Hraðastillir (Cruise Control)**
- √ **Bluetooth**
- √ **USB tengi**
- √ **Akreina og árekstrarvari**
- √ **Litað gler**
- √ **Ofl.**

## Jólagladningur

WOW air

Allir sem ganga frá kaupum á Suzuki Vitara GLX í desember fá jólaglaðning. **Farmiða fyrir tvo** með WoW air til Evrópu ***

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

**opið í dag 10-18**
**kaffi á könnunni**

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík




Þú finnur jólablaðið
á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA
HÖLLIN







# Seltjarnarnes í öllum nýjustu myndböndunum

**Rapparar landsins hafa undanfarið flykkst út á Seltjarnarnes til að taka upp tónlistarmyndbönd sín og Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, tekur því fagnandi. Hún segir rúntinn út á Nes vera fyrir löngu orðinn klassískan.**

Rappararnir Aron Can og Emmsjé Gauti taka rúntinn út á Seltjarnarnes í myndbandinu við lagið Silfurskotta, það gerir GKR sömuleiðis í myndbandinu við lagið Meira. Þá er myndbandið við nýja lagið Svona er þetta eftir Emmsjé Gauta líka tekið upp að miklu leyti á Seltjarnarnesinu. Það kemur Ásgerði Halldórsdóttur, bæjarstjóra Seltjarnarness, ekki á óvart að tónlistarmenn sæki í að taka upp á Nesinu enda er um fallegasta stað höfuðborgarsvæðisins að ræða að hennar mati.

„Þetta þykir mér mjög skemmtilegt. Hér er ekki eins mikil bílaumferð og því auðveldara að taka upp myndbrot heldur en á mörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Ásgerður spurð út í þessar miklu vinsældir bæjarfélagsins undanfarið. „Við fögnum þessu og erum tilbúin að aðstoða og veita leyfi þeim sem vilja taka upp. Leiðin meðfram sjónum út að Gróttu er mjög vinsæl, það er algengt að fólk keyri hana til að fylgjast með flóði og fjöru og til að ganga út í Gróttu.“

Ásgerður segir rúntinn út á Seltjarnarnes vera fyrir löngu orðinn klassíska og það er enginn annar rúntur sem jafnast á við hann að hennar mati. „Ég held að þetta sé fallegasta svæðið á höfuðborgarsvæðinu. Á sumrin er það t.d. fuglalífið og sú staðreynd að hér er hægt er að sjá seli sem dregur fólk að. Þetta er einstakt inni í höfuðborg,“ útskýrir Ásgerður sem segir mestu traffíkina vera á sumrin. „Já, en svo er líka töluverð umferð hingað á veturna, þegar það koma norðurljós. Það var t.d. mjög mikil umferð hérna í haust. Þá stoppaði fólk ýmist hjá Gróttu eða hjá golfvellinum til að fylgjast með ljósunum. Það var allt troðið af bílum.“

**Heyrir þessa tónlist í útvarpinu**

„Já, ég allavega heyri hana þegar hún er spiluð í útvarpinu. Mér líst vel á þetta, sérstaklega á nýja myndbandið hjá Emmsjé Gauta, það er bara skemmtilegt,“ segir Ásgerður aðspurð hvort þetta sé tónlist sem hún hlusti sjálf á.

En íslenskir rapparar eru ekki þeir einu sem hafa tekið upp á Seltjarnarnesi undanfarið. „Nei, það gerði Baltasar Kormákur líka, fyrir kvikmyndina Eiðurinn. Hann tók upp senu fyrir neðan Íþróttamiðstöðina, á bílaplaninu þar. Svo hafa nokkrar bílaauglýsingar líka verið teknar upp hér á Seltjarnarnesi,“ segir Ásgerður.

**gudnyhronn@365.is**



Dóri DNA og Emmsjé Gauti hressir í Bakkavör. SKJÁSKOT AF YOUTUBE



Aron Can og Emmsjé Gauti taka klassískan rúnt út á Seltjarnarnes í myndbandinu við lagið Silfurskotta. SKJÁSKOT AF YOUTUBE



GKR rúntar fram hjá Bakkatjörn á Seltjarnarnesi. SKJÁSKOT AF YOUTUBE

> ÞETTA ÞYKIR MÉR MJÖG SKEMMTILEGT. HÉR ER EKKI EINS MIKIL BÍLAUMFERÐ OG ÞVÍ AUÐVELDARA AÐ TAKA UPP MYNDBROT HELDUR EN Á MÖRGUM STÖÐUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesi

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**



Kristínar Ólafsdóttur

## Slegið á frest

Desember er genginn í garð, mánuðurinn sem hnýtir rauða og gullbryddaða velúrslaufu aftan á árið. Allur lax er graflax og öll borð eru hlaðborð. Meðlimir Baggalúts snúa aftur á vinnumarkaðinn eftir ellefu mánaða hlé.

En desember markar líka lok hins hefðbundna haustmisseris í skólum. Um þessar mundir drjúpa glitrandi svitaperlur af nafölu enni og niður á efri vör skjálfandi námsmanna og samanherpt kló rígheldur um blýantinn og það er próf á morgun og jólin eru ljósár í burtu. Nú í kringum hátíðarnar er þráðurinn því stuttur. Aldrei er jafn grunnt á annarlegum kenndum og löstum mannskepnunnar.

Þetta gildir að sjálfsögðu líka um undirritaða. Ég er verst haldin af öllum vanköntum persónu minnar í desember, þegar mest er að gera og tíminn naumastur. Þannig finn ég mér iðulega borð á Þjóðarbókhlöðunni og tólf mandarínum síðar hef ég engu komið í verk. Ég ryð nefnilega frekar öllu á undan mér þangað til ég hef hlaðið ógnarstóran haug af erindum, verkefnum og skyldum sem ógjörningur er að vinna úr á fullnægjandi hátt. Ég geri ekkert fyrr en ég stend með tærnar fram af hengifluginu og hnífsoddinn milli herðablaðanna og skila þá meðalgóðri ritgerð, sem skrifuð er á einum degi í koffínvímu, og fer svo og kaupi stórkostlega vanhugsaða jólagjöf handa mömmu minni vegna þess að það er strax komin Þorláksmessa.

Ég veit að ég stend ekki ein í þessari eilífðarglímu við frestunaráráttuna. Við vitum öll að dimmum aðventukvöldum er töluvert betur varið í kleinur og danskan jólabjór en próflestur. Það er nefnilega oftast, á einhvern ótrúlegan hátt, nægur tími til stefnu.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland











*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS